Vextir, bætur, skattar	0	0	5.770	0	498	17.908	113	0	0	25.923	22.707	59.338	132.257
Eignakaup	205.177	0	0	0	0	0	0	159.398	0	0	0	14.471	379.046
Tilfærslur	0	3.000	0	0	0	-7.500	0	0	30.000	0	0	-22.500	3.000
	205.177	3.000	5.770	0	498	10.408	113	159.398	30.000	25.923	22.707	51.309	514.303
	15.917.278	15.287.763	15.712.714	15.463.720	17.043.440	13.926.123	12.038.108	13.122.041	15.339.057	14.841.444	15.295.705	17.443.303	181.430.696
Sértektur	-595.000	-22.720	-126.520	-737.100	-88.750	-68.568	93.664	-666.834	-37.500	-21.500	-493.246	-644.270	-3.408.344
Ábrar rekstrartektur	-595.000	-22.720	-126.520	-737.100	-88.750	-68.568	93.664	-666.834	-37.500	-21.500	-493.246	-644.270	-3.408.344
	-562.500	9.000	-14.500	0	0	0	0	-708.500	0	0	27.000	-6.000	-1.255.500
Framlagð skissapóðs	-12.815.500	-12.240.400	-13.469.149	-12.871.603	-22.061.774	-15.275.309	-13.695.345	-13.234.248	-14.000.464	-13.940.958	-13.896.158	-15.959.777	-173.460.685
	-12.815.500	-12.240.400	-13.469.149	-12.871.603	-22.061.774	-15.275.309	-13.695.345	-13.234.248	-14.000.464	-13.940.958	-13.896.158	-15.959.777	-173.460.685
Tekjur samtals	-13.975.000	-12.254.120	-13.610.169	-13.608.703	-22.150.524	-15.343.877	-13.601.681	-14.609.582	-14.037.964	-13.962.458	-14.362.404	-16.610.047	-178.124.529
Samtals	1.944.278	3.033.643	2.102.545	1.855.017	-5.107.084	-1.417.754	-1.563.573	-1.487.541	1.301.093	878.986	933.301	833.256	3.306.167

Fundartafla haust 2016

ágúst	september	október	nóvember	desember
1	1 Kennarafundur	1	1	1 Fullveldisdagur
2	2	2	2	2
3	3	3	3 Kennarafundur	3
4	4	4	4	4
5	5	5	5	5
6	6 Skólanefndarfundur	6 Starfsmannafundur	6	6
7	7	7	7	7
8	8 Kennarafundur	8	8	8 Próf
9	9	9	9	9 Próf
10	10	10	10	10
11	11	11	11	11
12	12	12	12	12 Próf
13	13	13	13	13 Próf
14	14	14 Miðannarmat	14	14 Próf
15	15 Kennarafundur	15	15	15 Próf
16 Skólaráðsfundur	16	16	16 Dagur ísl. tungu	16 Próf
17	17	17	17 Kennarafundur	17
18 St.d./kenn.f./starfsm.f.	18	18	18	18
19 St.d./skólasetning	19	19	19	19 Sjúkra/endurt.próf
20	20	20	20	20 Prófsýning
21	21	21	21	21
22 Kennsla hefst	22	22	22 Skólanefndarfundur	22
23	23	23	23	23 Þorláksmessa
24	24	24 Haustfrí	24 Kennarafundur	24 Aðfangadagur
25	25	25 Haustfrí	25 Skólaráðsfundur	25 Jóladagur
26	26	26	26	26
27	27	27 Kennarafundur	27	27
28	28	28	28	28
29	29	29	29	29
30	30	30	30 Skólaráðsfundur	30
31		31		31 Gamliársdagur

Fundartafla vor 2017

janúar		febrúar		mars		apríl		maí	
1	Nýársdagur	1		1		1		1	Verkalýðsdagur
2		2	Kennarafundur	2		2		2	
3	St.d./kenn.f./starfsm.f.	3		3	Miðannarmat	3		3	
4	Kennsla hefst	4		4		4		4	Kennarafundur
5		5		5		5	Skólaráðsfundur	5	
6		6		6		6	Kennarafundur	6	
7		7		7		7		7	
8		8		8		8		8	
9		9		9		9		9	
10		10		10		10		10	Próf
11		11		11		11		11	Próf
12	Kennarafundur	12		12		12		12	Próf
13		13		13		13	Skírdagur	13	
14		14		14		14	Föstudagurinn langi	14	
15		15		15		15		15	Próf
16		16	Kennarafundur	16		16	Páskadagur	16	Próf
17		17		17		17	Annar í páskum	17	Próf / Skólanefndarf.
18		18		18		18		18	Próf
19	Kennarafundur	19		19		19		19	Próf
20		20		20		20	Sumardagurinn fyrsti	20	
21		21	Dillidagar	21	Skólanefndarfundur	21		21	
22		22	Dillidagar	22		22		22	Sjúkra/endurt.próf
23		23	Dillidagar / kennaraf.	23	Kennarafundur	23		23	Prófsýning
24		24	Árshátíð	24		24		24	
25		25		25		25		25	Uppstigningardagur
26		26		26		26		26	
27		27		27		27	Kennaraf./Skólar.f.	27	
28		28		28	Skólanefndarfundur	28		28	
29				29		29		29	Kennaraf./starfsm.f.
30				30	Kennarafundur	30		30	
31	Skólanefndarfundur			31				31	

Dagskrár funda -Starfsdagar

Starfsdagar haust 2016

Fimmtudagur 18. ágúst

Dagskrá:

- 08:30-09:45 Starfsmannafundur
- Kaffihlé
- 10:00-12:00 Kennarafundur
- Hádegismatur í boði FSH
- 13:00-16:00 Vinnufundir og undirbúningur fyrir önnina

Föstudagur 19. ágúst

Dagskrá:

- 08:30-11:00 Vinnufundir og undirbúningur fyrir önnina
- 11:00-12:00 Kaffispjall með stjórnendum, námsráðgjafa og kennurum unglingastígs Borgarhólsskóla
- Hádegismatur
- 13:00 Skólasetning – nemendur hitta umsjónarkennara sína

Starfsdagar vor 2017

Mánudagur 29. maí

Dagskrá:

- 08:15 - 09:15 Starfsmannafundur
- 09:15-10:15 Skyndihjálparnámskeið
- 10:15-10:40 Kaffi
- 10:40-12:00 Kennarafundur
- 13:00-13:30 Kennarar hittast og ræða um fyrirhugað afmælishald
- 13:30-15:00 Undirbúningur fyrir afmæli – skoða áfanga haustannar
- 15:00-16:00 Allir hittast – hugmyndir ræddar

Þriðjudagur 30. maí

Dagskrá:

- 08:15-09:00 Tiltekt í vinnuherbergjum
- 09:00-12:00 Námskeið fyrir kennara í leiðsagnarmati – Sólveig Zophoníasdóttir frá HA
- 13:00-14:00 Tiltekt í vinnuherbergjum
- 14:00-15:00 Hreyfing í tilefni hreyfiviku – rölt heim til JJ
- 15:00 – Hressing í Steinagerði 7

Kennara og starfsmannafundir

Haust 2016

18. ágúst. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Kosningar í nefndir og ráð
2. Leiðsagnarmat
3. Vinnumatíð
4. Einkunnagjöf grunnskóla
5. Námsáætlanir
6. Styrkur úr Lýðheilsusjóð

18. ágúst. Starfsmannafundur.

Dagskrá:

1. Breytingar á starfsfólki
2. Breytt tímatafla
3. Forföll kennara
4. Breytingar á húsnæði
5. Alli Sævar
6. Aðgangsorð á kennsluvefinn
7. Útleiga til Norðurþings
8. Samningur um upplýsingagjöf
9. Framtíð FSH
10. Ný stjórn NEF
11. Skemmtinefnd/stjórn starfsmannafélags

1.september. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Nokkrar tilkynningar og vantaveltur
2. Nýnemar og aðrir nemar
3. Önnur mál
4. Leiðsagnarmat þar sem verður nokkurs konar vinnustofa

8. september. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Vinnumat haustannar

15. september. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Binna verður með fræðslu um flokaveiki, viðbrögð við flogakasti og flogaveikan nemanda okkar.
2. Gunnar Á segir frá hvernig fyrirhugað er að tengja styrkveitingu Lýðheilsusjóðs, geðrækt og sjálfsvígðforvarnir við skólastarfið.
3. Skólanámsskrá – nokkur orð
4. Önnur mál

6. október. Starfsmannafundur

Dagskrá:

1. Fjármál skólans
2. Sorpflokkun
3. Símafundur
4. Laugaskóli
5. Tilkynningar til kennara

27. október. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Vorönn
2. Verkefnatímar
3. Önnur mál

3. nóvember. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Leiðsagnarmat
2. Próf í desember
3. Dillidagar
4. Önnur mál

17. nóvember. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Sögur að sunnan
2. Hugmyndir að breyttri stokkatöflu
3. Önnur mál

24. nóvember. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Orð frá skólanefndarfundum varðandi stöðu FSH
2. Umræða um tillögu að stokkatöflu
3. Fjarvistir
4. Önnur mál

Vor 2017

3. janúar. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Vinnumat
2. Önnin framundan
3. Önnur mál

3. janúar. Starfsmannafundur

Dagskrá:

1. Fundatafla
2. Nemendatölur og fleira
3. Rekstrartölur
4. Önnur mál

12. janúar. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Alli Sævar kynnir Outlook
2. Herdís gefur upplýsingar um tölur annarinnar og verkefni framundan
3. Önnur mál

19. janúar. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Herdís fer yfir tölur annarinnar
2. Starfshópur um innra mat fer yfir niðurstöður áfangamats
3. Önnur mál

2. febrúar. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Rekstur skólans
2. Áhrif samræmdra prófa í 9. bekk (ný reglugerð)
3. Fjarvistir nemenda við FSH
4. Ingólfur og Narfi segja frá heimsókn á Sauðárkrók
5. Önnur mál

16. febrúar. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Dillidagar
2. Nýja stökkataflan
3. Önnur mál

23. febrúar. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2017-2018
2. Skólareglur
3. Önnur mál

23. mars. Starfsmannafundur

Dagskrá:

1. Rekstur
2. Könnun Rannsóknar og Greiningar
3. Kannanir og staða þeirra
4. Önnur mál

30. mars. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Jóney setur fund og þakkar þolinmæði vegna fjármála
2. Skóladagatal
3. Uppfærsla og breyting á skólareglum
4. Önnur mál

6. apríl. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Skólareglur
2. Drög að stokkatöflu
3. Önnur mál

27. apríl. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Stokkatafla
2. Skólaalmanak
3. Prófareglur
4. Nám fyrir starfsmenn á hvalaskoðunarskipum
5. Önnur mál

4. maí. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Fjarvistir í nýrri stokkatöflu
2. Nokkur orð um próf
3. Önnur mál

29. maí. Kennarafundur

Dagskrá:

1. Markmið og áherslur næsta vetrar
2. Innra mat og endurskoðun á kennslukönnun.

29. maí. Starfsmannafundur

Dagskrá:

1. Nýjar innritunartölur
2. Ný stokkatafla + yfirfarnar reglur
3. Lýsing á nýju námi fyrir þá sem leiðsegja munu á hvalabátum á Skjálfanda
4. Narfi segir frá ferð sinni til Ítalíu í vetur
5. Sagt frá afmælishaldi
6. Niðurstöður könnunar SFR um stofnun ársins
7. Rekstrarmál
8. Önnur mál

Skólanefndarfundir

Haust 2016

6. september.

Dagskrá:

1. Starfsmannamál
2. Nemendatölur
3. Ný námskrá
4. Rekstur og framkvæmdir
5. Fréttir af samstarfi skólanna á norðaustursvæði
6. Samstarf með Framhaldsskólanum á Laugum
7. Staða skólameistara FSH
8. Önnur mál

22. nóvember

Dagskrá:

1. Rekstur og fjárhagsstaða
2. Val og tölur fyrir vorönn
3. Samstarf við menntastofnanir á Norðurlandi
4. Staða skólameistara
5. Önnur mál

Vor 2017

31. janúar

Dagskrá

1. Annaruppgjör haustannar 2016
2. Rekstur
3. Samstarf skóla á Norðaustursvæði
4. Önnur mál

21. mars

Dagskrá

1. Rekstur skólans
2. Umsóknir um skólameistaraembættið og umsögn skólanefndar
3. Nokkur orð um samstarf framhaldsskólanna fimm
4. Önnur mál

28. mars

Dagskrá

1. Kosning formanns
2. Umsögn skólanefndar um umsækjendur um embætti skólameistara FSH
3. Örstutt kynning á rekstrarlegri stöðu skólans
4. Önnur mál

17. maí

Dagskrá

1. Formannsval
2. Staða ráðningar skólameistara
3. Rekstur
4. Skólaárið 2017-2018
5. Önnur mál

Skólaráðsfundir

Haust 2016

16. september

Dagskrá

1. Skólanámskrá
2. Önnur mál

25. nóvember

Dagskrá:

1. Fjarvistir
2. Hugmynd um stokkatöflu kynnt
3. Fjarvistarreglur
4. Önnur mál

30. nóvember

Dagskrá:

1. Fjarvistir nemenda

Vor 2017

5. apríl

Dagskrá:

1. Málefni nemenda
2. Einingar fyrir störf sem ekki eru á vegum FSH
3. Skólareglur

27. apríl

Dagskrá:

1. Málefni nemenda
2. Umsókn um einingar fyrir félagsstörf innan FSH
3. Skólaalmanakið 2017-2018
4. Stokkatafla næsta skólaárs, 2017-2018
5. Önnur mál

Húslestur

6. tbl. 26. árgangur

Föstudagur 19. ágúst 2016. Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Herdís Þ. Sigurðardóttir

Velkomin til starfa á nýju skólaári!

Húslestur hefur ýmsar upplýsingar að geyma. Lesið hann vandlega og haldið honum til haga. Lesið einnig vel kaflana um áfangakerfið og reglur skólans í skólanámskrá á vef skólans. Enn fremur eru flestar brautalýsingar á vef skólans. Þá er oft ýmsar upplýsingar og tilkynningar að finna á tilkynningatöflu við nemendainngang.

Skólasetning verður kl. 13:00 föstudaginn 19. ágúst. Umsjónartími verður strax eftir skólasetningu þar sem umsjónarkennarar fara yfir hagnýt atriði með nemendum. Kennsla hefst mánudaginn 22. ágúst skv. stundatöflu. Varðandi dagskrá annarinnar má nefna að próf verða frá 8. til 19. desember og önninni lýkur með prófsýningu þann 20. desember.

Starfsfólk skólans

Skólameistari: Jóney Jónsdóttir. Viðtalstímar eftir samkomulagi virka daga kl. 8-16.

Aðstoðarskólameistari: Herdís Þ. Sigurðardóttir. Viðtalstímar eftir samkomulagi virka daga kl. 8-12.

Námsráðgjafi: Raket Dögg Hafliðadóttir. Viðtalstímar auglýstir síðar.

Skólahjúkrunarfræðingur: Brynhildur Gísladóttir. Viðtalstímar auglýstir síðar.

Fjármálastjóri og ritari: Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir. Hún er við mánudaga til fimmtudaga kl. 8-16 og föstudaga kl. 8-13.

Bókavörður: Elín S. Kristjánsdóttir. Bókasafn er opið á meðan kennsla stendur yfir í skólanum en bókavörður er við kl. 8-14 mánudaga til fimmtudaga og kl. 8-13 á föstudögum.

Umsjónarmaður húsnaðis: Guðrún Reynisdóttir.

Umsjónarmaður tölvukerfis: Aðalgeir Sævar Sigurgeirsson. Almennur viðverutími á mánud. kl. 10-12, þriðjud. kl. 10-11:30 og fimmtud. kl. 10-11.

Kennarar á haustönn 2016

Auður Jónasdóttir	Starfsbraut.
Ásta Svavarsdóttir	Íslenska.
Elín Rúna Backman	Líffræði, lífræn efnafræði.
Gunnar Árnason:	Lífsleikni, matur og menning, sálfræði.
Gunnar Baldursson	Eðlisfræði; efnafræði.
Ingólfur Freysson	Félagsfræði, íþróttir; lífsleikni.
Knútur Arnar Hilmarsson	Stærðfræði.
Raket Dögg Hafliðadóttir:	Stærðfræði; námstækni og hvatning.
Sigurður Narfi Rúnarsson	Hugur og hönnun; starfsbraut.
Smári Sigurðsson	Enska; þýska.
Valdimar Stefánsson	Listir, menning og vísindi; saga.

Allir kennarar hafa viðtalstíma og verða þeir auglýstir síðar á töflu á nemendagangi

Húslestur 19. ágúst 2016

7. tbl. 26. árgangur

Mánudaginn 12. september 2016. Ritstj. og ábm. Herdís Þ. Sigurðardóttir

Efni:

1. Fyrsta fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 98% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Ánægjulegt er að greina frá því að enginn nýnemi er undir fjarvistaviðmiði. HÉR má sjá hvernig skoða má viðveru í Innu.

Mætingarreglur FSH

2. Val fyrir vorönn 2016 hefst í dag og lýkur þriðjudaginn 21. október nk. Hægt er að skila athugasemdum við valframboð til aðstoðarskólameistara fram til 3. október. Umsjónartími vegna valsins verður miðvikudaginn 13. október en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Ætlast er til að nýnemar fæddir árið 2000 komi í þennan umsjónartíma nema þeir séu búnir að velja áður með aðstoð umsjónarkennara. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna HÉR.

Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir vorönn 2017. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á fimmtudögum.

Upplýsingar um námsbrautir skólans

Kjörsviðsreglur eldri stúdentsbrauta

Undanfarareglur áfanga í eldra kerfi

Undanfarareglur áfanga í nýju kerfi

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur.

Endanlegt valframboð mun liggja fyrir mánudaginn 7. október.

Drög að valframboði er að finna HÉR.

3. Brautaskipti: Nemendur, sem vilja skipta um braut þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

Húslestur 12. september 2016

8 tbl. 26. árgangur

Mánudaginn 3. október 2016. Ritstj. og ábm. Herdís Þ. Sigurðardóttir

Efni:

1. Önnur fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 96% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri.

Hér má sjá hvernig skoða má viðveru í Innu.

Mætingarreglur FSH

2. Val fyrir vorönn 2016 er hafið og lýkur 21. október nk. Umsjónartími vegna valsins verður fimmtudaginn 13. október en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Ætlast er til að nýnemar fæddir árið 2000 komi í þennan umsjónartíma nema þeir séu búnir að velja áður með aðstoð umsjónarkennara. Enn fremur verða umsjónarkennarar eldri nema á staðnum og leiðbeina þeim sem vilja aðstoð. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna hér.

Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir vorönn 2017. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á fimmtudögum.

Upplýsingar um námsbrautir skólans

Kjörsviðsreglur eldri stúdentsbrauta

Áfangiheiti í nýrri námskrá

Undanfarareglur áfanga.

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur.

Hér er listi yfir áfanga í boði á vorönn 2017.

3. Drög að próftöflu haustannar 2016 liggja nú fyrir. Hægt er að skila athugasemdum til aðstoðarskólameistara til föstudagsins **18. nóvember** nk. Í nóvember verður haft samband við fjarnema (nemendur í formlegu fjarnámi og nemendur Fjarmentaskólans) varðandi hentuga staðsetningu fyrir lokapróf í þeim áföngum þar sem um slíkt er að ræða. Ætlast er til þess að nemendur með frjálssa mætingu taki lokapróf í húsnæði FSH.

4. Nemendum, sem þjást af prófkvíða eða telja sig þurfa á sérúrræðum að halda við fyrirlögn prófa, er bent á að hafa samband við námsráðgjafa sem allra fyrst og alls ekki síðar en mánudaginn 21. nóvember.

5. Brautaskipti: Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

Húslestur 3. október 2016

9. tbl. 26. árgangur

Fimmtudaginn 27. október 2016. Ritstj. og ábm. Herdís Þ. Sigurðardóttir

Efni:

1. Þriðja fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 94% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri.
Hér má sjá hvernig skoða má viðveru í Innu.
Mætingarreglur FSH
2. Vali fyrir vorönn er lokið. Þeim, sem hugsanlega gleymdu að velja er bent á að hafa samband við aðstoðarskólameistara.
3. Drög að próftöflu haustannar 2016 liggja nú fyrir. Hægt er að skila athugasemdum til aðstoðarskólameistara til 17. nóvember nk.
4. Nemendum, sem þjást af prófkvíða eða telja sig þurfa á sérúrræðum að halda við fyrirlögn prófa, er bent á að hafa samband við námsráðgjafa sem allra fyrst og alls ekki síðar en 21. nóvember.
5. Innritun fyrir vorönn 2016 hefst 1. nóvember og lýkur 30. nóvember. Þeir sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.
6. Miðannarmati er lokið. Hér má lesa um námsmat skólans og eru upplýsingar um miðannarmat þar á meðal. Nemendur eru hvattir til að skoða það vel. Haft hefur verið samband við aðstandendur ólöggráða nemenda sem hafa fengið D í einhverjum áfanga á miðannarmati eða þrjú eða fleiri C.
7. Brautaskipti: Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

Húslestur 27. október 2016

10. tbl. 26. árgangur

Þriðjudaginn 22. nóvember 2016. Ritstj. og ábm. Herdís Þ. Sigurðardóttir

Efni:

1. Fjórða fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 92% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri.

Hér má sjá hvernig skoða má viðveru í Innu.

Mætingarreglur FSH

2. Vali fyrir vorönn 2016 er lokið. Þeim, sem hugsanlega gleymdu að velja, er bent á að hafa samband við aðstoðarskólameistara.

3. Próftafla haustannar 2015 liggur nú fyrir. Hér má sjá prófreglur FSH.

4. Frestur til að sækja um sérúrræði í prófum er til 20. nóvember. Með sérúrræðum er t.d. átt við lengri próftíma, fámenna prófstofu og lituð prófblöð. Sótt er um sérúrræði í prófum til námsráðgjafa.

5. Innritun fyrir vorönn 2016 lýkur 30. nóvember. Þeir, sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.

6. Brautaskipti: Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

7. Kennsla á vorönn 2016 hefst þriðjudaginn 5. janúar skv. stundaskrá. Skrifstofan opnar kl. 8:00. Töflubreytingar verða auglýstar í fyrsta Húslestri næsta árs.

Húslestur 22. nóvember 2016

1. tbl. 27. árgangur

Miðvikudaginn 4. janúar 2017. Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Herdís Þ. Sigurðardóttir

Velkomin til starfa á nýju skólaári!

Húslestur hefur ýmsar upplýsingar að geyma. Lesið hann vandlega. Lesið einnig vel kaflana um áfangakerfið og reglur skólans í skólanámsskrá á vef skólans. Enn fremur eru flestar brautalýsingar á vef skólans. Þá er oft ýmsar upplýsingar og tilkynningar að finna á tilkynningatöflu við nemendainngang.

Skrifstofa skólans opnar kl. 8:00 þriðjudaginn 3. janúar.

Vorönn hefst á því að allir nemendur mæta í umsjónartíma kl. 8:15 miðvikudaginn 4. janúar:

Rakel Dögg Hafliðadóttir: Félags- og hugvísindabraut (aðrir en útskriftarnemar), stofa 7.

Gunnar Baldursson: Náttúruvísindabraut (aðrir en útskriftarnemar), stofa 9.

Ingólfur Freysson: Almenn braut, stofa 5.

Herdís Þ. Sigurðardóttir: Útskriftarnemar og nemar á ótilgreindri námsbraut, stofa 3.

Auður Jónasdóttir: Starfsbraut, stofa 10 (sérstofa).

Nýnemar og endurinnritaðir fá stundatöflur sínar afhentar hjá umsjónarkennurum en aðrir nemendur sækja sínar stundatöflur í Innu. Athugið að skólagjöld þurfa að hafa verið greidd til þess að hægt sé að opna Innu. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá kl. 9:20 miðvikudaginn 4. janúar. Varðandi dagskrá annarinnar má nefna að valdagur verður haldinn 9. mars. Próf verða frá 10. til 22. maí og önninni lýkur með útskrift þann 27. maí.

Starfsfólk skólans

Skólameistari: Jóney Jónsdóttir. Viðtalstímar eftir samkomulagi.

Aðstoðarskólameistari: Herdís Þ. Sigurðardóttir. Viðtalstímar eftir samkomulagi virka daga kl. 8:15-13.

Námsráðgjafi: Rakel Dögg Hafliðadóttir. Viðtalstímar verða auglýstir síðar.

Skólahjúkrunarfræðingur: Brynhildur Gísladóttir. Viðtalstímar á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-14.

Ritari og fjármálastjóri: Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir. Ritari er við kl. 8-16 mánudaga til fimmtudaga og kl. 8-13 á föstudögum.

Bókavörður: Elín S. Kristjánsdóttir. Bókasafn er opið á meðan kennsla stendur yfir í skólanum en bókavörður er við kl. 8-14 mánudaga til fimmtudaga og kl. 8-13 á föstudögum.

Umsjónarmaður húsnæðis: Guðrún Reynisdóttir.

Umsjónarmaður tölvukerfis: Aðalgeir Sævar Sigurgeirsson. Almennur viðverutími á mánud. kl. 10-12, þriðjud. kl. 10-11:30 og fimmtud. kl. 10-11.

Kennarar á vorönn 2017

Auður Jónasdóttir Starfsbraut.

Ásta Svavarsdóttir Íslenska.

Elín Rúna Backman Efnifræði; líffræði.

Gunnar Árnason Afbrotufræði, sálfræði.

Gunnar Baldursson Eðlisfræði; efnifræði; umhverfis- og auðlindafræði.

Ingólfur Freysson Aðferðafræði; félagsvísindi; íþróttir.

Knútur Arnar Hilmarsson Stærðfræði.

Rakel Dögg Hafliðadóttir: Námstækni og hvatning; stærðfræði.
Sigurður Narfi Rúnarsson Hugur og hönnun; starfsbraut.
Smári Sigurðsson Enska; þýska.
Valdimar Stefánsson Landfræði; saga.

Allir kennarar hafa viðtalstíma og verða þeir auglýstir síðar á töflu á nemendagangi.

Umsjónarkennarar og umsjónartímar

Húslestur 4. janúar 2017

2. tbl. 27. árgangur

Þriðjudaginn 1. febrúar 2017. Ritstj. og ábm. Herdís Þ. Sigurðardóttir

Efni:

1. Fyrsta fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 98% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Nokkuð fleiri en vanalega eru á gátlista í kjölfar fyrstu talningar. Nemendur og forráðamenn þeirra eru beðnir um að hafa í huga að góð mæting helst í hendur við góðan námsárgangur.

Mætingarreglur FSH

2. Val fyrir haustönn 2017 hefst í dag og lýkur 16. mars nk. Hægt er að skila athugasemdum við valframboð til aðstoðarskólameistara fram til 17. febrúar. Umsjónartími vegna valsins verður fimmtudaginn 9. mars en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna hér. Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir haustönn 2017. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Hægt er að gera námsáætlun í Innu út námstíma nemenda. Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á miðvikudögum.

Upplýsingar um námsbrautir skólans

Dæmi um námsframvindu á nýjum stúdentsbrautum

Undanfarareglur áfanga í nýju kerfi

Kjörsviðsreglur eldri stúdentsbrauta

Undanfarareglur áfanga í eldra kerfi

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur. Athugið einnig að upplýsingar um hvort fjarnám verður í boði í einstökum áföngum mun ekki liggja fyrir fyrr en vali lýkur þann 16. mars.

3. Frestur til að segja sig úr áföngum

Í kjölfar breyttra reglna um námsmat í framhaldsskólum hefur verið ákveðið að setja frest á skráningu nemenda úr áföngum. Fresturinn er til 10. mars. Ef nemandi hættir í áfanga eftir þann tíma verður það skráð sem fall í viðkomandi áfanga.

4. Brautaskipti: Nemendur sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

Húslestur 1. febrúar 2017.

3. tbl. 27. árgangur

Mánudaginn 20. febrúar 2017. Ritstj. og ábm. Herdís Þ. Sigurðardóttir

Efni:

1. Önnur fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 96% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri.

Mætingarreglur FSH

2. Val fyrir haustönn 2017 lýkur 16. mars nk. Valframboð má sjá á heimasíðu skólans eða með því að ýta HÉR. Athugið að þótt áfangi sé í boði, þýðir það ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur. Umsjónartími vegna valsins verður fimmtudaginn 9. mars en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna HÉR. Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir haustönn 2017. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Hægt er að gera námsáætlun í Innu fyrir skóladvölinu. Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á fimmtudögum.

Upplýsingar um námsbrautir skólans

Undanfarareglur í nýju kerfi

Kjörsviðsreglur eldri stúdentsbrauta

Undanfarareglur áfanga í eldra kerfi

3. Drög að próftöflu vorannar 2017 eru komin á heimasíðuna. Athugasemdir þurfa að hafa borist aðstoðarskólameistara fyrir 3. apríl.

4. Frestur til að segja sig úr áföngum

Í kjölfar breyttra reglna um námsmat í framhaldsskólum hefur verið ákveðið að setja frest á skráningu nemenda úr áföngum. Fresturinn er til 10. mars. Ef nemandi hættir í áfanga eftir þann tíma verður það skráð sem fall í viðkomandi áfanga. Sjá nánar Hér.

5. Brautaskipti: Nemendur sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

Húslestur 20. febrúar 2017

4. tbl. 27. árgangur

Þriðjudaginn 21. mars 2017. Ritstj. og ábm. Herdís Þ. Sigurðardóttir

Efni:

1. Þriðja fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 94% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Mætingarreglur FSH.
2. Vali fyrir haustönn 2017 er lokið. Þeim sem hafa ekki valið, en vilja vera í námi á næstu önn, er bent á að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem fyrst.
3. Próftafla vorannar 2017 er enn í drögum. Endanleg próftafla mun liggja fyrir 4. apríl. Fram að því er hægt að gera athugasemdir við próftöfluna hjá aðstoðarskólameistara. Prófareglur FSH má sjá HÉR. Athugið að í Innu getur hver nemandi séð upplýsingar þau lokapróf sem hann er sjálfur skráður í.
4. Nemendum, sem þjást af prófkviða eða telja sig þurfa á sérúrræðum að halda við fyrirlögn prófa, er bent á að hafa samband við námsráðgjafa sem allra fyrst og alls ekki síðar en 21. apríl.
5. Umsókn um einingar fyrir félagsstörf. Hægt er að sækja um einingar fyrir félagsstörf skv. reglum um námsmat. Nemendum er bent á að kynna sér reglurnar vel! Sótt er um í tölvupósti til aðstoðarskólameistara. Umsóknarfrestur er til 21. apríl.
6. Innritun eldri nemenda, fæddra árið 2000 eða fyrr, fyrir haustönn 2017 hefst 4. apríl og lýkur 31. maí. Nemendur á vorönn 2017, sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn, þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.
7. Brautaskipti: Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

Húslestur 21. mars 2017

5. tbl. 27. árgangur

Mánudaginn 24. apríl 2017. Ritstj. og ábm. Herdís Þ. Sigurðardóttir

Efni:

1. Fjórða fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 92% mæting. Alltaf er mikilvægt að mæta vel í skólann og ekki síst nú síðustu kennsludaga annarinnar.

Mætingarreglur FSH

2. Vali fyrir haustönn 2017 er lokið. Þeim sem hafa ekki valið en vilja vera í námi á næstu önn er bent á að hafa samband við aðstoðarskólameistara. HÉR má sjá lista yfir áfanga sem kenndir verða á komandi haustönn.

3. Próftafla vorannar 2017. Athugið að hér er um að ræða endanlega próftöflu. Vinsamlega skoðið töfluna vel og kynnið ykkur prófreglur skólans.

4. Innritun eldri nemenda, fæddra 2000 eða fyrr, fyrir haustönn 2017 hófst 3. apríl og lýkur 31. maí. Nemendur á vorönn 2017, sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn, þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.

5. Brautaskipti: Nemendur sem vilja skipta um braut, t.d. af almennri braut yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við aðstoðarskólameistara sem allra fyrst.

6. Nemendur fá kærar þakkir fyrir góða starfsönn og bestu óskir um velgengni á lokaspretti annarinnar.

Húslestur 24. apríl 2017

Ræða skólameistara við skólaslit

Útskriftarræða vor 2017

Ágætu útskriftarnemar, kæra samstarfsfólk og aðrir gestir. Gleðilega hátíð. Ég óska ykkur, útskriftarnemar, til hamingju með daginn og þennan stóra áfanga. Í dag er gleðidagur, þið hafið náð settu marki og getið litið stolt fram á veg. Það er gleðiefni að ná takmarki sínu, að hafa staðist áfanga og hefja leik við nýtt viðfangsefni, að öðlast tækifæri til að skyggjast inn um fleiri opnar dyr. Það er svo mikilvægt að líta aldrei á það að ná takmarki sínu sem sjálfsagt mál og eitthvað sem gerist áreynslulaust. Það að hafa fyrir hlutunum, að þurfa að setja hausinn undir sig og einbeita sér að settu marki ber einmitt vott um að við erum lifandi. Snemma í þessum mánuði varð ég óvænt vitni að athyglisverðu samtali tveggja manna niður við höfn. Annar stóð sveittur og blautur og hafði greinilega farið hlaupandi um bæinn. Hinn spurði hvort útihlaup væru á nokkurn mann leggjandi í slyddunni sem þá var og hvort fiskifykurinn væri ekki alveg að drepa hann. Hann fékk þetta skemmtilega svar: Ja, maður finnur alveg að maður er lifandi. Það er einmitt mergurinn málsins, að lifa þannig að maður sjálfur finni að maður sé lifandi.

Þeir sem starfa í skólum finna sannarlega að þeir eru lifandi. Óvænt verkefni birtast á hverjum degi, litróf tilfinninga og mannlífs streymir um gangana og stöðug endurnýjun á sér stað.

Þess vegna er dagurinn í dag líka gleðidagur fyrir okkur starfsfólk Framhaldsskólans á Húsavík. Starfsfólkið sem hefur lagt sitt af mörkum og aðstoðað ykkur við að öðlast þá þekkingu og sýn sem þarf til að ná takmarkinu, sveiflast með ykkur á gleðistundum og þeim daprari og tekið þátt í ýmsu starfi utan við hið hefðbundna skólastarf. Í dag er mikið rætt um sparnað og hagkvæmni í rekstri framhaldsskóla og þá hallar á fámenna skóla. Framhaldsskólinn á Húsavík hefur nú skorið niður eins og hægt er og tekist þannig að lækka skuldastöðu sína. Erfitt er að láta reksturinn rúmast innan fjárlaga og því nokkuð augljóst að framlagið er of lítið. En hin eiginlegu verðmæti fámennra skóla verða aldrei metin til fjár. Þar er einstaklingurinn svo mikilvægur og stór hluti af heildinni. Þar þurfa allir að taka þátt í því að skapa skólastarfið og skólabraginn og samvinna, bæði meðal nemenda og nemenda og starfsfólks, er mikil. Í öllu þessu felst menntun, menntun sem nýtist og er nauðsynleg í fámennum samfélögum eins og okkar.

Skóli sem veitir nemendum sínum persónulega þjónustu við að undirbúa þá fyrir áframhaldandi nám og störf er mjög verðmætur. Skóli með vel menntað og hæft starfsfólk sem leggur sig fram um að veita góða og fjölbreytta menntun og lætur sér annt um nemendur sína er alls staðar mikilvægur. Hann dafnar ekki sjálfkrafa, hann þarfnast aðhalds og umhyggju samfélagsins. Enginn vafi er á að Húsvíkingar sjá mikilvægi og gildi framhaldsskólans síns fyrir samfélagið í heild og þeir sýna það í verki. Framhaldsskólinn á Húsavík á marga velunnara og það er aðdáunarvert að finna stuðning og umhyggju í hans garð frá einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélaginu. Nemendur geta alltaf leitað til þessara aðila til að auðga félagslíf sitt og gera sér dagamun og bæði skólinn og foreldrafélagið fá ríkulegan stuðning t.d. við viðurkenningar og stúdentaskírteini hér í dag og afmælishald nú á vordögum, svo eitthvað sé nefnt. Í vetur gaf Kvenfélag Húsavíkur skólanum veglega gjöf úr sjóði Þórunnar Havstein sem hún stofnaði til styrktar börnum og

ungmönnum. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum góðum styrktaraðilum og velunnurum ómetanlegan stuðning.

Þann 1. apríl 1987 var undirritaður stofnsamningur Framhaldsskólans á Húsvík og þann 15. september næstkomandi verða liðin 30 ár frá fyrsta skóladeginum. Í tilefni þess verður efnt til afmælishátíðar í skólanum sem sem við vonumst til að bæjarbúar, fyrrum nemendur og allir velunnarar skólans mæti í. 30 ár er ekki langur tími í sögu skóla en samt sem áður segir sú saga ótal margt. Skólinn hefur lagt mark sitt á samfélagið síðustu 30 ár, eftir fjölskyldulíf og menntunarstig og ýmislegt hefur á daga hans drifið. Að hafa skóla við túnfóttinn er ekki sjálfsagt mál. Þegar horft er til baka er ótrúlega stutt síðan Húsvíkingar þurftu að sækja framhaldsskólanám út fyrir heimabæinn. Bær sem hefur fáa einstaklinga á framhaldsskólaaldri er fátæklegri bær. Um síðustu helgi átti ég spjall við einn innfæddan Húsvíking þar sem fegurð Kinnarfjallanna barst í tal, birtan sem væri ólík eftir dögum, árstímum og veðri og sífellt eitthvað nýtt að sjá. Og ég fullyrkti að daglegur akstur niður Þverholtið með útsýni yfir á fjöllin og sjóinn væri þvílík heilsubót sem kannski of fáir gerðu sér grein fyrir. Hann horfði á mig og sagði „já, já stundum þarf bara að minna mann á“. Kannski er það eins með Kinnarfjöllin og Framhaldsskólann, hann er orðinn samgróinn samfélaginu og hugsunin um að hann verði kannski ekki alltaf þarna hvarflar ekki að. En ég held það sé afar brýnt að íbúar hér sofni ekki á verðinum og minni ráðamenn og aðra sífellt á gildi og mikilvægi skólans fyrir íbúana og samfélagið í heild.

Ég nefndi hér áðan að einn af kostum fámennra skóla væri m.a. hversu mikilvægur hver einstaklingur væri og að allir yrðu að leggja sitt af mörkum til að skapa öflugra skólastarf. Bókleg menntun er mikilvæg en það er ekki lítil menntun fólgin í því að taka þátt í félagsstarfi, skipuleggja ýmis konar atburði og vera þátttakandi utan við hefðbundið skólastarf. Nemendur FSH hafa ýmislegt fyrir stafni og á skólaárinu öðluðust þeir innsýn og þekkingu á margar hliðar þjóðfélagsins. Af mörgu er að taka en sem dæmi langar mig að nefna nokkra viðburði. Stjórn málafræðinemar skipulögðu, stjórnðu og önnuðust framkvæmd opins framboðsfundar fyrir Alþingiskosningar í haust. Þar komu fulltrúar allra framboða og kynntu áherslur sínar og svörðu fyrirspurnum. Að lifa og hrærast í heilsueflandi samfélagi eykur ýmsan þroska. Skólinn fékk styrk frá Lýðheilsusjóði til eflingar geðræktar með áherslu á sjálfsvígsforvarnir. Styrknum var m.a. varið í ýmis konar fræðsluerindi fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn. Einnig var haldinn þjóðfundur þar sem nemendur ásamt nemendum í 10. b. Borgarhólsskóla ræddu geðheilsu og geðrækt í framhaldsskólum. Heilsuráð skólans, sem skipað er nemendum og starfsmönnum, sá fyrir ýmsum hollum og heilsusamlegum uppákomum. Þar má nefna haustlitagönguferð í nágrenni skólans þar sem göngugarpar tóku þátt í ljósmyndamaræðni og þrettándahopp í Höllinni þar sem nemendur og starfsfólk léku sér í Tarzanleik. Á alþjóðageðheilbrigðisdeginum í haust var haldinn gleðidagur FSH. Þá var nemendum 10. bekkja í nágrenninu boðið í svokallað work shop með hollu nesti, blóðþrýstings- og blóðsykursmælingum. Fjölmargir mættu í þessa heilsueflingu og sérstakur gestur var sveitarstjórinn sem fræddi okkur um heilsusamlega lífshætti. Nemendur unnu bæði Lífshlaupið og Bréfamaræðni Amnesty International sem er í þágu virðingar og mannréttinda. Að taka þátt í, skipuleggja og halda utan um félagslífið er lærdómsríkt. Í nýnemaviku var tekið á móti nýnemum með ýmsu sprelli, hópefli, leikjum og veitingum og endað á skemmtilegri ferð til Akureyrar. Kaffihúsakvöldin Jón og Gunna voru á sínum stað og nemendur héldu glæsilega Dillidaga með hópavinnu og smiðjum, sem enduðu á skemmtilegri árshátíð.

Að vera með í uppsetningu leikrits reynir á margar hliðar. Leikfélagið Piramus og Þispa hefur menntað margar nemendann og engin undantekning var þar á á þessu skólaári. Í nóvember settu fjölmargir nemendur upp leikritið Þú ert í blóma lífsins, fíflíð þitt! eftir Davíð Þór Jónsson. Enginn þarf að efast um gæði sýningarinnar og ánægju þeirra sem hana sóttu.

Alltof langt mál yrði að þakka öllum hér sem það eiga skilið. Það er samt ekki hægt að sleppa því að nefna stjórn Nemendafélagsins. Hún á skilið gifurlegt þakklæti fyrir óeigingjarnt og metnaðarfullt starf bæði í þágu félagslífs og einnig í kynningu á skólanum. Ekki þarf að fjölyrða um skólabrag þess skóla sem á ekkert félagslíf. Einnig vil ég þakka skólanefndinni sem lét af störfum í vetur kærlega fyrir góð störf í þágu skólans og óska nýjum nefndarmönnum velfarnaðar. Þá fær stjórn foreldraráðs þakkir fyrir sína góðu vinnu. Mig langar til að ítreka mikilvægi öflugss foreldrastarfs. Rannsóknir sýna að aukið samstarf foreldra og skóla styrkir skólastarfið og eflir tengsl nemenda við skólann, bætir líðan þeirra og námsárangur. Skóli og foreldrar eiga það markmið sameiginlegt að bera hag barnsins/nemandans fyrir brjósti og vilja styðja við velferð og vellíðan ungmennisins. Traust tengsl skóla og foreldra gera leiðina að því markmiði greiðari. Í könnun sem Rannsóknir og greining lagði fyrir nemendur í framhaldsskólum á Íslandi í október, þar á meðal í FSH, kemur fram að tími og samvera með foreldrum sé besta forvörnin eða sterkasti fyrirbyggjandi þátturinn. Ungmönnum sem fá tíma, stuðning, hlýju og eftirlit hjá foreldrum sínum líður betur, þau eru ólíklegri til að neyta fíkniefna, hafa sterkari sjálfsmynd og jákvæðari lífsstíl. Við foreldrar verðum að hafa í huga að ungmennin okkar þarfnast líka tíma, hlýju, uppeldis, eftirlits og samskipta við okkur alveg eins og á þeirra bernskuskeiði.

Í febrúarlök hóf Arna Ýr Arnarsdóttir störf sem fjármálastjóri og skólafulltrúi. Þá lét Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir af störfum. Henni ásamt þeim Gunnari Árnasyni kennara og Brynhildi Gísladóttur hjúkrunarfræðingi, sem láta af störfum í sumar, færi ég bestu þakkir fyrir þeirra framlag til góðs skólustarfs og óska þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Að lokum þakka ég starfsmönnum þeirra góða starf. Þeir missa aldrei sjónar af markmiðinu, sem er að mennta nemendur vel og þroska þá á sem fjölbreyttastan hátt. Þeim, ásamt nemendum, skólanefndarmönnum, foreldrum og öllum sem ég starfaði með þakka ég fyrir lærdómsríkt, skemmtilegt og gefandi samstarf.

Lokaorð

Kæru útskriftarnemar Góð menntun er dýrmæt. Í FSH hafið þið fengið vandaða bóklega menntun með áherslu á einkunnarorð skólans, frumkvæði, samvinnu og hugrekki ásamt þátttöku í félagslífi og mótun þess. Það er verulega dýrmæt menntun. Samfélagið þarfnast frumkvæðis, lífið krefst hugrekkis og allt byggist á samvinnu. Þið eruð því vel búin fyrir framtíðina. Það er von mín að þið nýtið menntun ykkar til góðs og að þið leyfið samfélaginu að njóta krafta ykkar í framtíðinni. Samfélag sem á vel menntaða einstaklinga er hæfara til að takast á við viðfangsefni sín, mótbyr og meðvind. Með menntun ykkar og einkunnarorð skólans að leiðarljósi eru ykkur allir vegir færir. Nýtið menntun ykkar til að takast á við ný verkefni. Nýtið hana í samskiptum við samferðafólk ykkar, látið þau einkennast af umhyggju, virðingu og umburðarlyndi fyrir margbreytileika mannlífsins og þeirri víðsýni sem af sannri menntun leiðir. Jákvæðni, gleði og góð samskipti hefur mikil áhrif á líðan okkar og samferðamannanna.

Í vikunni hringdi bróðir minn í mig, sem er svo sem ekki í frásögur færandi, en útskriftin barst í tal og honum varð tíðrætt um unga fólk sem framtíðin biði eftir, framtíðin væri þeirra. Sjálfur missti hann heilsuna á síðasta ári, 48 ára gamall. „Ekki gleyma að minna stúdentana á að nýta hvern dag til hins ítrasta“, sagði hann, „og alla til góðs“. Kæru útskriftarnemar það er nákvæmlega þetta sem er svo mikilvægt og við hugsum of sjaldan um, nema þá helst þeir sem hafa lent í áföllum eins og heilsutjóni. Að nota dagana, láta lífið ekki hlaupa fram hjá og gleyma að njóta þess og taka þátt í því. Einnig að nota dagana til góðs, að láta gott af sér leiða og njóta þess að vera góð manneskja. Úlfur Ragnarsson orðar þetta svo ljómandi vel í ljóði sínu Gjöfin.

Gjöfin

Ég veit ekki hvort þú hefur,

huga þinn við það fest.

Að fegursta gjöf sem þú gefur,

er gjöfin sem varla sést.

Ástúð í andartaki,

augað sem glaðlegt hlær,

hlýja í handartaki

hjarta sem örar slær.

Allt sem þú hugsar í hljóði

heiminum breytir til.

Gef þú úr sálarsjóði,

sakleysi, fegurð og yl.

Ljóð eftir Úlf Ragnarsson

Kæru útskriftarnemar – ég óska ykkur bjartar framtíðar og vona innilega að dagar ykkar verði góðir og þið nýtið þá og menntun ykkar vel, öllum til heilla.

Framhaldsskólanum á Húsavík er slitið í 30. sinn.

Ræða aðstoðarskólameistara við skólaslit

Útskriftarræða vor 2017

Kæru útskriftarnemar, starfsfólk skólans og aðrir gestir.

Gleðilega hátíð!

Þá er komið að uppskeru eftir vinnu undanfarinna ára og nú skal haldin hátíð. Þessi fríði og föngulegi hópur nemenda kveður nú framhaldsskólann sinn og heldur út í vorið á vit nýrra ævintýra. Við sem í skólanum störfum horfum stolt á eftir þeim. Við vitum að undirbúningur þeirra fyrir líf og störf í framtíðinni er góður og vonum að framtíðin beri í skauti sér gleði og gæfu þeim til handa.

Á haustönn 2016 hófu 102 nemendur nám við Framhaldsskólann á Húsavík, þar af 23 nýnemar sem komu beint úr grunnskóla. Á vorönn 2017 hófu 109 nemendur nám við skólann. Það skólaár sem nú er á enda hefur verið gleðilegt þótt vissulega hafi reynt á að ýmsu leyti. Líkt og Jóney skólameistari minnst á hér áðan hefur skólinn átt við rekstrarerfiðleika að etja en með seiglu og útsjónarsemi hefur tekist að lækka skuld skólans við Ríkissjóð umtalsvert. Þar hefur Jóney unnið lofsvert starf sem vert er að þakka nú þegar hún er um það bil að ljúka störfum sínum við skólann eftir að hafa góðfúslega samþykkt að taka að sér hlutverk skólameistara þetta skólaárið. Jóney hverfur í sumarlok til nýrra starfa austur á landi og óskum við henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Jafnframt ber að þakka starfsfólki skólans fyrir þá þolinmæði sem það hefur sýnt við erfiðar rekstraraðstæður og sömuleiðis nemendum sem láta engan bilbug á sér finna þrátt fyrir að krónur og aurar séu af skorum skammti.

Það er auðvitað svo að í skólastarfi, sem og lífinu sjálfu, skiptast á skin og skúrur og þegar vindurinn er í fangið er nauðsynlegt að geta sýnt af sér seiglu og haft trú á að lygna muni um síðir. Við í FSH stefnum ótrauð fram á veginn og höldum áfram að vinna að bættu skólastarfi. Í því sambandi má nefna að á næsta skólaári verður tekin upp ný stokkatafla þar sem kennslustundir verða 45 mínútur í stað 60 mínútna áður. Jafnframt verða teknar upp vinnustundir sem nemendur geta nýtt til þess að vinna þau verkefni sem fyrir liggja hverju sinni. Nemendum með frjálsa mætingu og vottorð verður gert að mæta í að minnsta kosti eina vinnustund á viku en markmiðið með þessum breytingum öllum er að bæta nýtingu kennslustunda og fylgjast betur með framvindu náms og líðan hjá nemendum. Þetta er jafnframt liður í leiðsagnarmati sem sífellt er verið að efla við skólann en leiðsagnarmat gengur í stuttu máli út á að nemendur fái með reglulegum og skipulegum hætti upplýsingar um hvar þeir standa í náminu.

Til þess að efla leiðsagnarmat verða enn fremur teknar upp svokallaðar vörðuvikur. Nú þegar fer svokallað miðannarmat fram um miðja námsönn þar sem nemendur fá upplýsingar um hvernig þeir standa í hverjum áfanga. Vörðuvikur verða haldnar sitt hvorum megin við miðannarmat og fá þá nemendur enn frekari upplýsingar um námslega stöðu sína, meðal annars með samtölum við kennara.

Við í Framhaldsskólanum á Húsavík viljum vera í góðu sambandi við nærsamfélagið svo að námsframboð okkar endurspegli þarfir samfélagsins hverju sinni. Undir lok vorannar kom fram hugmynd um að bjóða upp á nám fyrir leiðbeinendur á hvalaskoðunarbátum. Að undanfögnu hefur aukist eftirspurn eftir leiðsögumönnum, sem hafa alist upp á tilteknum svæðum eða eiga nán tengsl við þau. Því þótti tilvalið að bjóða nemendum Framhaldsskólans á Húsavík upp á að læra að leiðsegja ferðamönnum á hvalaskoðunarbátum um Skjálfanda. Í boði verða tveir áfangar og verður annar kenndur á haustönn en hinn á vorönn. Haustannaráfanginn fjallar um lífríki, staðhætti og menningu við Sjálfanda en hinn um framkomu, stjórnun og báta. Áfangarnir eru unnir í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga, Hvalasafnið á Húsavík og hvalaskoðunarfyrirtæki á svæðinu. Það er von okkar að þetta verkefni beri blómlegan ávöxt og verði bæði skólanum og samfélaginu til framdráttar.

Í ljósi þeirra miklu breytinga sem að undanfögnu hafa orðið á framhaldsskólánami á Íslandi er nauðsynlegt fyrir okkar litla skóla að vera í góðu samstarfi við aðra skóla. Um töluvert skeið hefur skólinn átt aðild að Fjarmentaskólanum en Fjarmentaskólinn er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni og er markmið samstarfsins að auka námsframboð á starfssvæði skólanna og landinu öllu. Mikið hagræði er að því fyrir okkar nemendur að geta sótt staka áfanga í fjarnámi í öðrum skólum þegar á þarf að halda og sömuleiðis er okkur í FSH akkur að því að fá nemendur úr öðrum skólum inn í áfanga hjá okkur. Í vetur fór af stað tilraunaverkefni á vegum Fjarmentaskólans þar sem nemendum bauðst að fara á milli skólanna og taka þátt í einingabærum smiðjum á svokölluðum fardögum í byrjun mars. Nokkrir skólar tóku við nemendum í slíkar smiðjur en öllum aðildarskólum bauðst að senda frá sér nemendur. Við í FSH sendum frá okkur þrjá nemendur í skíða- og snjóbrettasmiðju í Fjölbautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og heppnaðist sú ferð ákaflega vel. Stefnt er að því að á næsta skólaári verði dillidagar haldnir í sömu viku og fardagar og að skólinn verði með skemmtilegar og fjölbreyttar smiðjur til að bjóða sínum nemendum og nemendum annarra skóla upp á.

Annar liður í samstarfi skóla er samvinna FSH og Framhaldsskólans á Laugum. Gerðar voru tilraunir varðandi samstarf í félagslífi, t.d varðandi Tónkvísl og leikrit. Þessar tilraunir hefðu mátt ganga betur en af þeim má draga lærdóm fyrir næsta skólaár. Hins vegar tóku tveir nemendur frá FSH í dönsku í gegnum Framhaldsskólann á Laugum og gekk það verkefni vel. Sömuleiðis var ákveðið að hefja formlegt samstarf um mat á námi í íþróttatengdum námsgreinum. Allir nemendur FSH geta tekið íþróttáfræðiáfanga í fjarnámi frá Laugum og fengið þá metna sem hluta af óbundnu vali en nemendum á opinni stúdentsbraut býðst að taka slíka áfanga í bland við afreksíþróttáfanga sem þegar eru í boði við skólann og útskrifast af brautinni með áherslu á íþróttagreinar. Þessi opna stúdentsbraut er nýjung í námsframboði skólans en eins og flestir vita hefur Framhaldsskólinn á Húsavík staðið í miklum námskrárbreytingum undanfarin ár líkt og aðrir framhaldsskólar. Aðrar námsbrautir sem í boði eru samkvæmt nýrri námskrá eru almenn braut, félags- og hugvísindabraut, náttúruvísindabraut og starfsbraut. Þær eru með mjög svipuðu sniði og þær brautir sem áður voru í boði við skólann. Á opinni stúdentsbraut taka nemendur hins vegar sameiginlegan kjarna stúdentsbrauta, sem er 110 einingar af þeim 200 sem nemendur þurfa til að útskrifast með stúdentspróf. Restina af einingunum taka nemendur sem óbundið val, með ákveðnum skilyrðum þó um þrepaskiptingu, og haga nemendur valinu eftir áhugasviði og framtíðaráformum. Þannig geta nemendur til dæmis útskrifast af opinni stúdentsbraut með áherslu á félagsgreinar, náttúrufræðigreinar, íþróttir eða tónlist en FSH er einnig í samstarfi við Tónlistarskóla

Húsavíkur varðandi mat á tónlistarnámi og má því segja að þótt skóinn kreppi að ýmsu leyti hafi námsleiðum við skólann í rauninni fjölgað með tilkomu nýrrar námskrár.

Kæru útskriftarnemar. Nú er stóra stundin runnin upp. Framhaldsskólaárin eru að baki og breyttir tímar taka við. Ný tækifæri bíða á hverju horni og við sem í skólanum störfum treystum því að þið veljið þau af yfirvegun og skynsemi og njótið þess til fulls sem lífið hefur upp á að bjóða.

Í dag brautskráir Framhaldsskólinn á Húsavík 30 nemendur. Þetta er í fyrsta sinn sem skólinn útskrifar nemendur af námsbrautum samkvæmt nýrri námskrá en hluti nemenda útskrifast samkvæmt henni en hluti samkvæmt þeirri gömlu. Stúdentar eru 29. Samkvæmt eldri námskrá útskrifast 4 af náttúrufræðibraut, 5 af félagsfræðibraut og 1 með viðbótarnám til stúdentsprófs. Samkvæmt nýrri námskrá útskrifast 10 af náttúruvísindabraut, 7 af félags- og hugvísindabraut, og 2 af opinni stúdentsbraut. Að auki útskrifast einn nemandi af almennri braut samkvæmt nýrri námskrá. Þegar þessari athöfn lýkur hafa 828 nemendur lokið prófi frá Framhaldsskólanum á Húsavík. Þar af eru 511 stúdentar, 63 af iðnbrautum og 250 af ýmsum starfsnámsbrautum og undirbúningsbrautum. Fjöldi fyrirtækja og stofnana hefur gefið skólanum gjafir til að afhenda nemendum í viðurkenningarskyni fyrir góðan árangur á ýmsum sviðum. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim af alhug fyrir þeirra góða framlag. Sérstaklega vil ég þakka fyrirtækinu Urðarprent fyrir góðar gjafir og prentun á umslögum og möppum utan um útskriftarskírteini nemenda. Það er gott að eiga góða að.

Nú vil ég biðja ykkur, nemendur góðir, um að koma og taka við skírteinum ykkur úr hendi skólameistara um leið og ég les ykkur upp:

Stúdent Ásgeir Hilmarsson útskrifast af félags- og hugvísindabraut með 200 einingar samkvæmt nýrri námskrá.

Stúdent Ástþór Ingi Hannesson útskrifast af náttúruvísindabraut með 201 einingu samkvæmt nýrri námskrá.

Stúdent Birkir Bergsson útskrifast af náttúruvísindabraut með 202 einingar samkvæmt nýrri námskrá.

Stúdent Bjarki Þór Jónasson útskrifast af félagsfræðibraut með 141 einingu samkvæmt eldri námskrá. Bjarki getur því miður ekki verið með okkur í dag.

Bjarni Dagur Vigfússon útskrifast af almennri braut með 131 einingu samkvæmt nýrri námskrá.

Stúdent Brynja M. Brynjarsdóttir útskrifast af félags- og hugvísindabraut með 202 einingar samkvæmt nýrri námskrá.

Telji nemandi að brotið hafi verið gegn jafnréttisstefnu innan Framhaldsskólans á Húsavík, eða vill fá ráðgjöf um meðferð jafnréttismála innan skólans, getur hann leitað til skólameistara, jafnréttisfulltrúa, námsráðgjafa eða umsjónarkennara og fundið málinu farveg.

4. Framkvæmd og eftirfylgd jafnréttisstefnu

Jafnréttisstefna er lifandi verkefni og þarf að vera í stöðugri þróun. Líta má á jafnréttisáætlun sem viljayfirlýsingu um að jafnréttissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi. Líkt og fram kemur í inngangi gerir jafnréttisfulltrúi árlega grein fyrir því hvort jafnréttisstefnunni hafi verið framfylgt og gerir athugasemdir þegar þurfa þykir. Á tveggja ára fresti er æskilegt að endurskoða áætlunina í heild sinni meðal annars með tilliti til breytinga í skólastarfi og lagabreytinga og gera þær ráðstafanir sem þarf til að nemendur og starfsfólk skólans njóti samstarfs og samneytis á grundvelli jafnréttis. Það er á ábyrgð skólameistara að jafnréttisstefnu sé fylgt í hvívetna og hann skal sjá til þess að í skólanum ríki sú skólamenning sem endurspeglar þann fjölbreytta hóp sem þar starfar.

Rýmingaráætlun

Skólahúsið samanstendur af tveimur byggingum, **kennsluhúsnæði og kennaraálmu**, sem reistar voru á mismunandi tímum.

Kennsluhúsnæðið eru tvær hæðir og kjallari.

Á efri hæð eru sex kennslustofur og bókasafn, við vestur uppgang eru tvær kennslustofur, þrjár við austur uppgang og ein kennslustofa og bókasafn við suður uppgang.

Á neðri hæð eru fjórar kennslustofur, snyrtingar, herbergi húsvarðar, skrifstofa og gangar.

Í kjallara eru geymslur, leiðslugangar, setustofa og matstofa nemenda.

Kennaraálma er ein hæð og kjallari.

Á hæðinni eru skrifstofur kennara og stjórnenda, skrifstofa skólans, snyrtingar, kennarastofa og matstofa starfsmanna.

Í kjallara eru tvær kennslustofur, fundarherbergi, skrifstofa kerfisstjóra, snyrting og geymslur.

Kennsluhúsnæðið er tvö brunahólf og kennaraálman er einnig tvö brunahólf, eitt á hvorri hæð.

Rýmingarleiðir:

Stofur 1, 2 og 3. Rýmingarleiðir eru tvær:

- a) Niður stiga og niður á gang og þaðan út um aðaldyr.
- b) Út um glugga og niður brunastiga á þak, þaðan niður brunastiga við V- enda skólans.

Stofur 6 og 7 skrifstofa og herbergi húsvarðar. Rýmingarleiðir eru tvær:

- a) Út á gang og út um aðaldyr.
- b) Niður í kjallara og út um útidyr í matstofu nemenda.

Stofur 4 og 5. Rýmingarleiðir eru tvær:

- a) Niður stiga og niður á gang þaðan út um neyðarútgang á fyrstu hæð í V- enda skólans.
- b) Út um glugga og niður brunastiga á þak, þaðan niður brunastiga við V- enda skólans.

Stofur 8 og 9. Rýmingarleiðir eru tvær:

- a) Út á gang og út um neyðarútgang á fyrstu hæð í V - enda skólans.
- b) Út ganginn og út um aðaldyr.

Bókasafn og stofa 10. Rýmingarleiðir eru tvær

- a) Út á stigapall og niður á fyrstu hæð og út um aðaldyr.
- b) Út um glugga niður á skyggni yfir aðalanddyri og niður brunastiga.

Í kennsluálmum, þ.e. geymslur, matstofa nemenda og setustofa nemenda. Rýmingarleiðir eru tvær:

- a) Út um útidyr í matstofu nemenda.
- b) Upp stiga og upp á gang á fyrstu hæð og út um aðaldyr.

Kjallari í kennaraálmum, þ.e. stofa 11, stofa 12, fundarherbergi og skrifstofa kerfisstjóra.

Rýmingarleiðir eru tvær:

- a) Út um útidyr í stofu 11.
- b) Upp stiga og út um starfsmannainngang.

Fyrsta hæð í kennaraálmum, þ.e. skrifstofur starfsfólks, kennarastofa og matstofa starfsmanna.

Rýmingarleiðir eru tvær:

- a) Út um starfsmannainngang.
- b) Út um glugga í matstofu starfsmanna.

Ef eldur kemur upp:

Þjargið fólki úr húsinu:

1. Fyrst þeim sem eru í mikilli hættu.
2. Aðvarið alla sem stafar hætta af eldinum.

Hringið í slökkvilið í síma 112. Það sem þarf að koma fram:

1. Hvar er eldurinn.
2. Hver hringir.
3. Eru einhverjir í hættu.

Slökkvistarf starfsmanna skólans:

1. **Slökkvilið eldinn með handslökkvitæki eða brunaslöngu ef hægt er.** Upplýsingar um staðsetningu er að finna á myndum sem sýna flóttaleiðir og staðasettar eru í öllum rýmum skólans.

2. **Lokið dyrum og gluggum** til að hefta útbreiðslu eldsins.

Kynnið ykkur rýmingaráætlun skólans, hvar brunaslöngur og slökkvitæki eru og lesið leiðbeiningar á þeim.

Skoðið útgönguleiðir svo þið vitið hvað á að gera í raunverulegri neyð.

Heftið aldrei neyðarútganga né aðgang að handslökkvitækjum og brunaslöngum.

Ef allir þurfa að yfirgefa húsið:

1. **Kennari í kennslustund stjórnar nemendum** sínum og vísar þeim á næstu greiðfæru útgönguleið og beint á mótstað. Kennari taki með sér nemendaskrá.

2. **Bókavörður stjórnar nemendum á bókasafni** og vísar þeim á næstu greiðfæru útgönguleið og beint á mótstað.

3. **Þeir kennarar sem eru ekki að kenna eða aðrir starfsmenn skólans** sjá um að vísa þeim nemendum sem eru ekki í kennslustund á næstu greiðfæru útgönguleið og beint á mótstað.

Mótstaður.

Ef rýma þarf skólahúsið vegna elds eða annarrar hættu getur skapast ringulreið og þar með erfitt að vita hvort allir hafa komist út úr byggingunni. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa ákveðinn mótstað til að kanna hverjir eru komnir út úr byggingunni. Kennarar noti nemendaskrár, sem þeir tóku með sér úr kennslustund. Mótstaður er **íþróttahúsið** og þar eiga allir að safnast saman, starfsfólk og nemendur ef rýma þarf skólann.

Hvað gerist þegar eldur brýst út?

Við eldsútbrot í byggingu myndast fljótt mikill reykur sem leitar upp í loft, við það hyljast ljós, einnig rofnar rafstraumur oft og það verður dimmt. Við þessar aðstæður verður að rýma bygginguna strax. Reykurinn veldur því að útsýni verður nær ekkert og því er mikilvægt að fólk þekki vel útgönguleiðir.

Eitraðar lofttegundir sem myndast við eldsútbrot eru t.d. **kolmónoxíð (CO)** og **blásýra (HCN)**. Kolmónoxíð myndast við bruna þar sem skortur er á súrefni. Blásýra myndast við bruna á polyuretan, sem er notað í uppstoppunarefni í húsgögn, einangrun og fleira.

Eldsprenging verður þegar hitinn í reyknum er orðinn um 600° C og kviknar í gasi frá upphafsbrunanum. Við þetta eykst hiti skyndilega upp undir 1000° C.

Umhverfisstefna

- Skólinn leitast við að hámarka nýtingu á orkugjöfum s.s. á rafmagni og á heitu og köldu vatni.
- Skólinn leitar allra leiða til að nýta sem best öll aðföng er snerta daglegan rekstur s.s. pappír og aðra rekstrarvöru.
- Velja skal viðurkenndar umhverfisvænar vörur fremur en þær sem valda skaða í umhverfinu.
- Úrgang sem til fellur í rekstri skólans ber að endurnýta og endurvinna eftir því sem kostur er.
- Tryggja ber að spilliefnum sé fargað á viðeigandi hátt.
- Draga skal úr notkun einnota hluta eins og kostur er.
- Skólinn leggur áherslu á umræðu og fræðslu í umhverfismálum.

Áfallaráð – verkferill

Áföll – verkferill

Viðbrögð skólans við slysi/dauða nemanda eða starfsmanns.

Fyrstu viðbrögð

1. Hefjast handa! Erfitt getur reynst að leiðréttá sögusagnir ef ekki er gripið strax inn í atburðarásina. Ef starfsmaður fréttir af alvarlegu slysi eða andláti nemanda eða starfsmanns lætur hann skólameistara vita.
2. Skólameistari fær staðfestingu á andláti eða slysi hjá aðstandendum, lögreglu eða sjúkrahúsi.
3. Skólameistari eða staðgengill hans kallar áfallaráð skólans saman. Fyrsti fundur ætti að vera stuttur, þar sem verkum er skipt og fyrstu aðgerðir skólans ákveðnar.
4. Skólameistari ásamt áfallaráði kallar starfsmenn skólans saman og tilkynnir starfsmönnum hvað gerst hefur og útskýrir hvernig skólinn hyggst taka á málum.
5. Skólameistari ásamt áfallaráði kallar nemendum og starfsfólk skólans saman á sal og segir þeim frá atburðinum. Æskilegt er að leyfa nemendum og starfsfólki að ræða um atburðinn og líðan sína. Nemendum skipt í hópa og ef þarf fleira fagfólk þá virkjar skólameistari Samráðshóp um áfallahjálpi í Þingeyjarsýslum sem hlutast til um að tilnefna tvo fagmenn í hvern hóp til að stjórna umræðum og meta viðbrögð nemenda/starfsfólks þ.e. hverjir kunna að þurfa meiri stuðning/eftirfylgd.
6. Sé um dauðsfall að ræða:
 - a) Húsvörður flaggar í hálfu stöng
 - b) Ritari setur fram dúkað borð og ramma sem hægt er að setja nafn hins látna í og kveikir á kerti.
7. Í lok skóladagsins fundar áfallaráð skólans með starfsmönnum og fer yfir nöfn þeirra sem tengjast atburðinum s.s. ættingja og vina. Aðgerðir næstu daga ræddar.

Viðbrögð næstu daga

1. Hlúa að nemendum og starfsfólki. Nemendum og starfsfólki gefinn kostur á að vinna með líðan sína. Boðið upp á einstaklingsviðtöl. Nærstuðningur er mikilvægastur, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, prestur. Skólameistari ásamt áfallaráði og hópstjóra samráðshóps um áfallahjálpi metur þörf á eftirfylgd eða utanaðkomandi aðstoð t.d. frá sálfræðingi, áfallateymi við heilsugæslustöð o.s.frv.
2. Hafi nemandi eða starfsmaður látist, er hins látna minnst með sameiginlegri athöfn í umsjá prests. Ritari sér um að minningabók liggja frammi .
3. Húsvörður flaggar á jarðarfaradag.
4. Haldið áfram næstu vikur og mánuði að hlúa að nemendum og starfsfólki skólans. Gefa gaum að áfallastreitu meðal nemenda og starfsmanna skólans. Þjóða upp á hópvinnu eða einstaklingsviðtöl ef þörf er á.

Alvarleg slys í skóla

Sá starfsmaður sem kemur fyrstur að alvarlegu slysi í skólanum tekur verkstjórn þar til heilbrigðisstarfsmenn koma á staðinn:

1. Hringir í 112 eða biður annan nærstaddan um að gera það.
2. Sendir einhvern nærstaddan strax til skólameistara til að tilkynna slysið.
3. Ef þörf er á þá heldur húsvörður óviðkomandi/nemendum frá slysstað og veitir þeim þá aðstoð sem þörf er á þar til lögreglan kemur á slysstað.
4. Skólameistari tilkynnir atvikið til vinnueftirlits eftir atvikum.
5. Skólameistari biður viðkomandi starfsmann að skrá niður vitni að slysinu.
6. Skólameistari sér til þess að aðrir starfsmenn verði látnir vita.
7. hringir á (sjúkrabíl ef það hefur ekki þegar verið gert) lögreglu eða vinnueftirlit eftir atvikum. Aðrar aðgerðir sbr. Liði nr.5-7 í kaflanum um fyrstu viðbrögð.
8. Skólameistari sér um tengsl við aðstandendur og/eða sjúkrahús eftir atvikum.

Áfallaráð

Áfallaráð fer með verkstjórn þegar válegir atburðir gerast sem snerta nemendur og starfsmenn skólans. Skólameistari er ábyrgur fyrir því að virkja áfallaráð. Mikilvægt er að þeir sem veljast í áfallaráð geti unnið undir miklu álagi og séu vel undir það búnir að veita sálrænan stuðning/áfallahjálp: http://redcross.lausn.is/Apps/WebObjects/RedCross32.woa/swdocument/1040331/salraen_skyndihjalp250209.pdf?wosid=false

Í áfallaráði FSH eru:

Jóney Jónsdóttir, skólameistari

Herdís Þuríður Sigurðardóttir, aðstoðarskólameistari

Rakel Dögg Hafliðadóttir, starfandi námsráðgjafi

Auður Jónasdóttir, þroskaþjálfari

Gunnar Árnason, sálfræði- og félagsfræðikennari

Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir, skólafulltrúi

Sigurður Narfi Rúnarsson, forvarnar-og félagsmálafulltrúi

Brynhildur Gísladóttir, skólahjúkrunarfræðingur

Áfallaráð á einnig að geta leitað til eftirtalinna aðila:

Sóknarprests og formanns nemendafélagsins.

Forfallaáætlun

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur markað sér stefnu varðandi fjarveru kennara og starfsfólks á starfstíma skólans. Stefnunni er ætlað að skapa samfellu í starfi skólans og vinnu nemenda

Fjarvistastefna FSH

MARKMIÐ:

Meginmarkmið fjarvistastefnu skólans er að skýra verklag og viðbrögð vegna fjarveru starfsfólks á starfstíma skólans vegna veikinda eða leyfa. Henni er þannig ætlað að treysta *samfellu* í námi og starfi nemenda og stuðla að nauðsynlegri festu í daglegu starfi skólans. Stefnunni er einnig ætlað að styðja við jákvæða endurkomu starfsfólks til starfa á ný eftir veikindi. Þá er í stefnunni leitast við að skilgreina og að treysta verklag skólans við upplýsingamiðlun og skráningu á fjarvistum starfsfólks og mögulegum úrræðum.

1. Um tilkynningu veikinda

- a) Starfsfólki ber að tilkynna forföll til skólameistara. Veikindi skulu tilkynnt eigi síðar en kl. 07.45 dag hvern.
- b) Skólameistari leitast við virkjar þau úrræði sem tiltæk eru hverju sinni.
- c) Gefist ekki ráðrúm til að skipuleggja forföll í fyrstu kennslustund ber að tilkynna um forföll í þessari tilteknu kennslustund (bleikur miði) og leita leiða til skipuleggja nám nemenda í forföllum kennara
- d) Skólameistari ber ábyrgð á auglýsingu forfalla, með aðstoð skólarita, með því að:
 - a) Auglýsa forföll með smáskilboðum í SMS/tölvupósti til nemenda og foreldra ólögráða nemenda.
 - b) Auglýsa forföll í Húslestri á heimsíðu skólans, www.fsh.is
 - c) Auglýsa forföll með bleikum eða grænum miða á auglýsingatöflu skólans.

2. Um skráningu veikinda/forfalla.

- a) Skólameistari annast skráningu fjarvista starfsfólks.
 - a. Á eyðublöð fjármálaráðuneytisins (allir starfsmenn)
 - b. Í INNU – kennarar
- b) Skólameistari annast samantekt á fjarveru í lok skólaárs og skilar skýrslu til skólanefndar.

3. Vottorð vegna veikinda

- a) Eftir fimm veikindatilvik (miðað við skólaárið) ber starfsmanni að skila læknisvottorði, og í hvert sinn eftir það.
- b) Skólinn greiðir fyrir vottorð.

4. Réttindi starfsfólks til töku veikindadaga og orlofs er samkvæmt gildandi kjarasamningum viðkomandi starfsmanns.

Sjá nánar í gildandi kjarasamningum.

KÍ-FF <http://ff.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=836> (síða 29-)

<http://ff.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13318>

BHM <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996070.html>

SFR http://sfr.is/files/1483408620SFR_rikid_2005-bæklingur.pdf (bls. 33-)

http://sfr.is/files/SFR%20oriki%20kjarasamningur%202011%20ofinale_2038886517.pdf

5. Endurkoma starfsfólks til vinnu eftir langvarandi veikindi

(sjá leiðbeiningar frá VIRK <http://www.virk.is/>)

Skólameistari og viðkomandi starfsmaður ræði saman um endurkomu starfsmanns til starfa.

- Mikilvægt er að ræða möguleika á aðlögun á vinnufyrirkomulagi og/eða vinnustað til að auðvelda starfsmanninum endurkomu til vinnu.
- Leita skal lausna til að aðlaga vinnustaðinn svo starfsmaður geti sinnt verkefnum sínum og komið fljótt og örugglega aftur í sitt fyrra starf eða fái önnur verkefni við hæfi.
- Stuðla ber að sem árangursríkasti endurkomu starfsmanns til starfa á ný þannig að hún uppfylli sem best þarfir starfsmannsins og lágmarki á sama tíma þau óþægindi sem aðrir starfsmenn gætu orðið fyrir vegna hennar.

6. Um forfallakennslu vegna veikinda og leyfa kennara

- Kennarar sem taka að sér forfallakennslu merkja við nemendur og verkstýra þeim í samræmi við kennsluáætlun viðkomandi kennara.
- Þurfi kennari að taka veikindaorlof í lengri tíma samfellt en sem nemur **viku** ber að ráða forfallakennara í hans stað.
- Verði kennari frá kennslu í meira en viku, án þess að unnt sé mæta forföllum hans með fyrrgreindum hætti, getur reynt **naudsynlegt að endurskoða kennsluáætlanir** hans með tilliti til þess. Ef gera þarf breytingar á kennsluáætlun þarf slíkt að gerast í samráði við skólameistara og tilkynna þær áfangastjóra. Nýrri kennsluáætlun þarf að skila til ritara, til varðveislu í skjalasafni skólans, og kynna hana nemendum.

7. Almennt um leyfi umfram samningsbundna orlofsdaga.

Starfsfólk getur óskað eftir því við skólameistara að fá leyfi frá störfum.

Almennt gildir sú regla að orlofsdagar umfram þá sem skilgreindir eru í kjarasamningum eru dregnir frá launum nema sérstaklega sé samið um annað.

- Kennari sem fær leyfi á starfstíma skóla getur samið við samkennara um forfallakennslu, í slíkum tilvikum gera hlutaðeigandi með sér samkomulag um fyrirkomulag greiðslu.
- Geti kennari ekki samið við samkennara með fyrrgreindum hætti koma leyfis dagar umfram umsamda orlofsdaga til frádráttar launum.
- Heimilt er að semja um skilgreint vinnuframlag í stað leyfis.

Starfsfólk (aðrir en kennarar)

- Heimilt er að fá yfirvinnu greidda í formi frídaga.
- Heimilt er að færa sumarorlofsdaga á aðra daga á orlofsárinu.
- Heimilt að lengja daglegan vinnutíma og ávinna sér með þeim hætti frídaga umfram þá orlofsdaga sem skilgreindir eru í kjarasamningi.

Allt ofantalið er háð samkomulagi viðkomandi starfsmanns við skólameistara. Starfsfólk semji við skólameistara um liði **e** og **f** við upphaf hvers orlofsárs (1. maí).

8. Um afleysingu í forföllum (veikindum/leyfum) annarra starfsmanna

Sjá fyrirkomulag í viðbragðsáætlun skólans vegna influensufaraldurs.

Skipulag á afleysingu í veikindaforföllum starfsfólks skólans.

Starfsmaður:

Skólameistari

Áfangastjóri

Fjármálastjóri

Bókavörður

Námsráðgjafi

Félagsmála- og forvarnafulltrúi

Umsjónarmaður tölvumála

Ritari

Umsjónarmaður II

Umsjónarmaður I

Afleysing:

Áfangastjóri

Skólameistari

Skólameistari

Umsjónarmenn húsa hafa umsjón með nemendum á bókasafni skólans

Umsjónarkennarar og skólastjórnendur

Skólastjórnendur

Sérfræðingar starfandi utan skólans

Stjórnendur (varðandi almenna upplýsingagjöf), umsjónarmenn (símsvörun)

Umsjónarmaður I (umsjón með húsum skólans og þrif).

Umsjónarmaður II (umsjón með húsum skólans og þrif).

9. Umbun fyrir góða mætingu – samkomulag um greiðslu viðbótarlauna

Samkvæmt samningi sem gerður var árið 2007 í samræmi við viðmiðunarreglur frá fjármálaráðuneyti, fá þeir starfsmenn sem hafa verið fjarverandi í tvo eða færri vinnudaga greidd viðbótarlaun við lok annar að upphæð 30.000 krónur. Fjarvera vegna náms-/námskeiða eða funda á vegum skólans er undanskilin talningu á fjarvistadögum. Greiðslur viðbótarlauna skulu rúmast innan fjárheimilda skólans.

Viðbragðsáætlun gegn einelti

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur mótað viðbragðs- og aðgerðaáætlun gegn einelti á vinnustað. Við mótun áætlunarinnar var stuðst við *Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980*, og reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustað nr. 1000/2004.

Stefna og viðbragðsáætlun Framhaldsskólans á Húsavík gegn einelti á vinnustað

Það er stefna skólans að starfsmenn sýni samstarfsfólki sínu alltaf kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti og kynferðisleg áreitni verður undir engum kringumstæðum umborin á vinnustaðnum. Meðvirkni starfsmanna í einelti er fordæmd.

Skilgreining skólans á hvað einelti og kynferðisleg áreitni er, byggir á reglugerð nr. 1000/2004 en þar segir í 3. gr.:

Einelti: Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir.

Stjórnendur bera ekki aðeins ábyrgð á störfum starfsfólks heldur einnig á því að grundvallarreglur samskipta á vinnustað séu virtar. Nýjum starfsmönnum er kynnt stefna og viðbragðsáætlun fyrirtækisins í eineltismálum strax við upphaf starfs. Stefnan og viðbragsáætlunin eru rifjaðar upp reglulega á starfsmannafundum.

Á vinnustöðum geta komið upp ágreiningsmál og hagsmunarárekstrar sem valdið geta óþægindum. Mikilvægt er að leysa slík mál án tafar áður en þau þróast til verri vegar. Tekið verður á fólkskum ásökunum um einelti af sömu festu og einelti almennt.

Komi upp einelti skulu þolendur leita til næsta yfirmanns. Ef yfirmaðurinn er gerandinn eða hundsar vandamálið er hægt að leita til tveggja annarra aðila (sjá næsta kafla). Þessir aðilar skulu sýna þolanda fullan trúnað.

Fyrirtækið mun grípa til aðgerða gagnvart starfsmönnum sem leggja aðra í einelti, t.d. með áminningu, tilflutningi í starfi eða uppsögn. Alvarleg atvik verða hugsanlega kærð að höfðu samráði við þolanda. Gerandi eineltis verður látinn axla ábyrgð.

VIÐBRÖGÐ

Starfsmaður sem verður fyrir einelti eða kynferðislegri áreitni skal snúa sér hið fyrsta til næsta yfirmanns og tilkynna um atvikið. Ef næsti yfirmaður er gerandi málsins eða sinnir því ekki er hægt að snúa sér til tveggja annarra trúnaðaraðila. Þegar yfirmaður eða trúnaðaraðilar fyrirtækisins fá vitneskju um einelti munu þeir bregðast við samkvæmt eftirfarandi viðbragðsáætlun. Strax er metin þörf þolanda fyrir bráðan stuðning og hann veittur. Lögð verður áhersla á að leysa málið hið fyrsta og koma í veg fyrir frekara einelti.

Auk yfirmanna skólans eru eftirfarandi trúnaðaraðilar tilbúnir að ræða við starfsmenn um meint einelti á vinnustaðnum.

1. Brynhildur Gísladóttir, hjúkrunarfræðingur
2. Auður Jónasdóttir, öryggistrúnaðarmaður.

Sá aðili, sem samband er haft við, ákvarðar síðan í samráði við þolandann hvert framhaldið verður. Hægt er að velja á milli óformlegrar eða formlegrar málsmeðferðar.

Óformleg málsmeðferð

Slík málsmeðferð felur í sér að leitað er upplýsinga hjá þolanda og honum veittur stuðningur með trúnaðarsamtali eða ráðgjöf. Aðrir innan vinnustaðarins eru ekki upplýstir um málið.

Formleg málsmeðferð

Gerð er hlutlaus athugun á málsatvikum. Rætt er við þolanda, geranda og aðra sem veitt geta upplýsingar um málið. Mikilvægt er að leita upplýsinga um tímasetningar og fá fram gögn ef einhver eru, s.s. tölvupósta, sms-skilaboð eða annað.

Fundin verður lausn sem m.a. getur falist í breytingum á vinnustaðnum, vinnubrögðum eða vinnuskipulagi. Gerandi mun fá leiðsögn og aðvörun, hann gæti líka verið færður til í starfi.

Málinu verður fylgt eftir og rætt við aðila þess að ákveðnum tíma liðnum. Fylgst verður með samskiptum aðila málsins.

Láti gerandi ekki segjast og viðheldur eineltinu leiðir það til uppsagnar hans úr starfi.

VIÐAUKI – HEIMILDIR

Lög, reglugerðir og fræðslurit um eineltismál:

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, svokölluð vinnuverndarlög.

Reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustað nr. 1000/2004.

Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Stefanía Traustadóttir: Kynferðisleg áreitni vinnustöðum. Skrifstofa jafnréttismála og Vinnueftirlit Ríkisins. Reykjavík, 1998.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Ása Guðbjörg Ásgeirsdóttir og Þóra Magnea Magnúsdóttir (umsjón): Einelti og kynferðisleg áreitni á vinnustöðum. Forvarnir og viðbrögð. Vinnueftirlitið. Reykjavík, 2004.

Stefna um endurmenntun og starfsþjálfun

Framhaldsskólinn hefur mótað sér stefnu í málum er varða endurmenntun og starfsþróun starfsfólks skólans. Stefnan tekur mið af starfsmannastefnu skólans og þeim verkefnum sem mikilvægt er að vinna að hverju sinni.

Endurmenntun og starfsþróun starfsfólks í FSH

Markmið skólans í endurmenntunar- og starfsþróunarmálum (sjá nánar í starfsmannastefnu skólans)

Starfsþróun

Mikilvægt er að starfsfólk Framhaldsskólans á Húsavík sé í stakk búið að laga sig að síbreytilegum kröfum sem starfið gerir til þess. Framhaldsskólinn á Húsavík vill tryggja starfsmönnum sínum starfsþróun til þess að hún geti orðið bæði starfsmönnum og stofnuninni til hagsbóta. Starfsþróun er ekki einhliða aðgerð stjórnenda eða starfsmanns heldur er hún á ábyrgð beggja og hluti af þátttöku starfsmanns í starfsmannasamtölum, símenntun og daglegri samvinnu. Hún á sér einnig stað þegar starfsmaður tekst á við starf sem gerir auknar kröfur til hans. Starfsþróun og starfsöryggi tengjast með beinum hætti. Framhaldsskólinn á Húsavík vill skapa starfsmönnum möguleika á samfelldum starfsferli með því að hvetja starfsmenn til að auka frumkvæði og hæfni til að takast á við ný verkefni.

Símenntun og endurmenntun

Framhaldsskólinn á Húsavík leggur áherslu á að starfsmenn eigi kost á símenntun, bæði innan og utan skólans, til að auka þekkingu sína og faglega hæfni. Starfsmenn og stjórnendur bera jafna ábyrgð á að viðhalda og bæta þá þekkingu og hæfni sem nauðsynleg er starfsins vegna.

Starfsmannasamtöl

Í Framhaldsskólanum á Húsavík skulu starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári. Tilgangur samtalanna er að stuðla að velferð starfsmanna, bættum starfsárangri og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Samtölunum er ætlað að auðvelda starfsmönnum og stjórnendum að ná settum markmiðum í starfi skólans, að skerpa vitundina um þessi markmið og þá ábyrgð sem þeim fylgir.

Stefna skólans í endurmenntunar- og starfsþróunarmálum frá 2008 til 2015

1. Meginverkefni skólans frá hausti 2008 til vors 2015 eru fólgin í innleiðingu laga um framhaldsskóla nr. 82/2008 og aðalnámskrár fyrir framhaldsskóla frá 2011. Endurmenntun og starfsþróun starfsfólks skólans er ætlað að stuðla að farsælli innleiðingu þeirra breytinga sem taka mið af stefnu og meginmarkmiðum skólans og almennri skólaþróun í þágu nemenda.
2. Sérhver starfsmaður ber ábyrgð á því að nýta þau tækifæri sem bjóðast til endurmenntunar og starfsþróunar á sérviði sínu og viðhalda og efla með þeim hætti faglegri og persónulegri hæfni í starfi.
3. Skólameistari ræðir við starfsfólk um endurmenntunaráform þess í starfsþróunarsamtölum og hvetur starfsfólk til að nýta fyrrgreind tækifæri m.a. með því að skapa því nauðsynlegt svigrúm til náms og þjálfunar meðfram starfi.

Yfirlit yfir endurmenntunar- og starfsþróunarverkefni starfsfólks FSH frá árinu 2009

Skólaárið 2016-2017

❖ **Haustönn 2016**

Forritun fyrir alla. Námskeið á vegum 3f, félag um upplýsingatækni og menntun og SEF 8.-9. júní 2016. Þátttakandi Sigurður Narfi Rúnarsson.

Fræðslunámskeið KÍ um samfélagsmiðla haldið á Akureyri 14. sept. 2016. Þátttakandi Sigurður Narfi Rúnarsson.

❖ **Vorönn 2017**

Námskeið í leiðsagnarmati fyrir kennara á starfsdögum 30. maí. Leiðbeinandi: Sólveig Zophoníasardóttir.

Skólaárið 2015-2016

❖ **Haustönn 2015**

Stærðfræðimenntun fyrir starfandi framhaldsskólakennara. Um er að ræða 2 ára nám, samtals 60 eininga viðbótardiplóma á meistarastigi menntavísindasviðs HÍ. Þátttakandi Knútur Arnar Hilmarsson.

Ásta Svavarsdóttir í kynjafræði við HÍ

Námskeið í leiðsagnarmati í Háskólanum á Akureyri fjögur skipti september – desember. Þátttakendur Ásta Svavarsdóttir, Ingólfur Freysson, Jóney Jónsdóttir og Valdimar Stefánsson.

Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir í menntunarfræðum í Háskólanum á Akureyri. Endurmenntun Háskóla Íslands í samstarfi við Félag þýskukennara. Jugendliche lernen anders. Arbeit mit landeskundlichem Material im DaF-Unterricht, 11. og 12. ágúst. Þátttakandi Smári Sigurðsson

Endurmenntun Háskóla Íslands í samstarfi við Félag enskukennara. Teaching the Unteachable and 6+1 Traits and writing, 5. 6. og 7. ágúst. Þátttakandi Smári Sigurðsson.

Námskeið í leiðsagnarmati fjarnáms, leiðbeinandi Lára Stefánsdóttir, 18. ágúst. Þátttakendur voru allir kennara og stjórnendur skólans.

Skólaárið 2014-2015

❖ **Haustönn 2014**

Námskeið á kennsluvef umsjón Ásta Svavarsdóttir og Valdimar Stefánsson.

Kynningarheimsókn í Fjölsmiðjuna í Kópavogi – þátttakandi Ingólfur Freysson

„Hvernig höfum við jákvæð áhrif á heilsuhegðun ungs fólks?“ málþing Safnahúsinu Hverfisgötu– Dóra Ármannsdóttir tók þátt

Námskeið á Hellnum – „Geðrækt og Lífsstíll í framhaldsskólum“ – Raket Dögg Hafliðadóttir tók þátt

Heimsókn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði, leiðsagnarmat, kennsluvefur og stundatöflugerð – Stjórnendur og allir kennarar í fullu starfi

Heimsókn í Menntaskólann á Tröllaskaga – Auður Jónasdóttir og Sigurður Narfi Rúnarsson fóru og kynntu sér starfsbrautina.

Hugarkort, Mind Mapping. Guðrún H. Jóhannsdóttir.

❖ Vorönn 2015

Skólaheimsókn til Brugge í Belgíu á starfsdögum í lok maí. Sint Andreas og Technisch instituut Heilige Familie heimsóttir. Auður, Ásta, Björgvin, Gunnar Árna, Ingólfur, Smári, Valdimar, Herdís og Dóra kynntu sér skólastarfið og belgíska skólakerfið.

Námskeið í núvitund með Bryndísi Jónu Jónsdóttur haldið á dillidögum. Allir starfsmenn tóku þátt.

Námskeiðið „Hvernig má bæta vef stofnunar/sveitafélags?“. Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir ritari sótti námskeiðið í maí 2015.

Málþing skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri, 18. apríl. Þátttakendur Auður Jónasdóttir, Dóra Ármannsdóttir, Gunnar Árnason, Herdís Þ. Sigurðardóttir, Ingólfur Freysson og Rakel Dögg Hafliðadóttir.

„Árangursríkar leiðir í starfi fyrir nemendur með einhverfu og aðrar sérparfir „ Hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Alls 18 kennslustundir. Auður Jónasdóttir

Nordplus, ráðstefna. Halla Rún Tryggvadóttir.

Nördanámskeið fyrir kennara hjá Þekkingarneti Þingeyinga. Sigurður Narfi Rúnarsson

Skólaárið 2013-2014

❖ Haustönn 2013

Námskeið á kennsluvef umsjón Valgerður Ósk Einarsdóttir kennari í Menntaskólanum á Tröllaskaga.

„Nýlegar uppgötvanir um sólkerfið“ Endurmenntun HÍ í júní, Gunnar Baldursson tók þátt

„Geðrækt í framhaldsskólum“ – málþing Hilton Nordica Reykjavík –þátttakendur Dóra Ármannsdóttir, Gunnar Árnason og Rakel Dögg Hafliðadóttir

Stjórnun fyrir byrjendur – námskeið í HA umsjón Eypór Eðvarðsson hjá Þekkingarmiðlun – þátttakendur Dóra Ármannsdóttir og Herdís Þ. Sigurðardóttir

Technologies that truly help to teach languages - or do they? (Leiðbeinandi Russell Stannard) og Mit Musik geht's leichter (Leiðbeinendur: Sandro Jahn og Fabio Niehaus, þátttakandi Smári Sigurðsson.

❖ Vorönn 2014

Leiðsagnarmat umsjón Lilja Ólafsdóttir aðstoðarskólameistari í Menntaskóla Borgarfjarðar.

Skólasýningin Bett í London – þátttakandi Herdís Þ. Sigurðardóttir

Verkefnisstjórnun námskeið hjá Þekkingarneti Þingeyinga, Valdimar Stefánsson tók þátt.

Skólaárið 2012-2013

❖ Haustönn 2012

Námskeið í kennsluvef kennari Valdimar Stefánsson

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur Endurmenntun HÍ – þátttakandi Herdís Þ. Sigurðardóttir

❖ Vorönn 2013

Námskeið hjá Ingvari Sigurgeirssyni – Fjölbreyttar kennsluáðferðir í febrúar 2013

Námskeið hjá Ingvari Sigurgeirssynir – Fjölbreyttar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat maí 2013

Heimsókn í Menntaskóla Borgarfjarðar kynning með áherslu á leiðsagnarmat.

Ýmsar skýrslur

Skýrsla félagsmála- og forvarnafulltrúa veturinn 2016-2017

Skýrsla félags- og forvarnafulltrúa 2016-2017

Í stjórn nemendafélagsins á haustönn 2016 voru Margrét Nína Sigurjónsdóttir formaður, Særún Anna Brynjarsdóttir gjaldkeri, Agnar Daði Kristjánsson varaformaður, Iðunn Bjarnardóttir ritari og Máni Björnsson meðstjórnandi. Á vorönn urðu þær breytingar að þeir Máni og Agnar gengu úr stjórn og í þeirra stað komu Huginn Ágústsson og Birta Guðrún Sigmarsdóttir. Veturinn hófst á nýnemavíku. Nýnemar voru boðnir velkomnir á fyrsta skóladegi. Í framhaldinu var öllum nemendum boðið upp á köku, kvöldskemmtun var í salnum og nýnemar sóru skólanum eyð. Hápunktur nýnemavíku var ferð til Akureyrar.

Fulltrúi nemenda í skólanefnd var Margrét Nína Sigurjónsdóttir en fulltrúar nemenda í skólaráði voru Iðunn Bjarnardóttir og Ófeigur Óskar Stefánsson.

Í árshátíðarnefnd voru þau Ruth Þórarinsdóttir, Kristín Káradóttir, Viktoría Ósk Eydal, Huginn Ágústsson og Kristján Gunnólfsson.

Í stjórn leikfélagsins Píramusar og Þispu var Ófeigur Óskar Stefánsson formaður og í nóvember var frumsýnt leikritið: „Þú ert í blóma lífsins fílið þitt“ í leikstjórn Jóhanns Kristins Gunnarssonar. Til stóð að bjóða nemendum Framhaldsskólans á Laugum að taka þátt í starfi leikfélagsins og opnaði undirritaður samskiptaleið milli formanns leikfélagsins og formanns nemendafélagsins á Laugum. Því miður fór það svo að ekki varð úr þátttöku nemenda á Laugum í starfi leikfélagsins þetta árið.

Forkeppni Gettu betur fór fram í skólanum á haustönn. Til þátttöku fyrir skólans hönd völdust Óskar Páll Davíðsson, Nanna Sigurjónsdóttir og Eggert Þórarinsson. Varamaður var Ágúst Þór Brynjarsson. Liðið keppti í fyrstu umferð í útvarpi í húsakynnum Þekkingarnets Þingeyinga en beið lægri hlut og komast ekki áfram í aðra umferð.

Lið skólans varð hlutskarpast í Lífshlaupinu um vorið og var skólanum afhentur viðurkenningarskjöldur því til staðfestingar. Í janúar fengu nemendur skólans einnig viðurkenningu fyrir frábæra þátttöku í Bréfamaræðni Amnesty International, annað árið í röð.

Dillidagar fóru fram dagana 21.-24. febrúar og lauk þeim með árs hátíð nemendafélagsins fór í fyrsta skipti fram á Fosshótel Húsavík. Að þessu sinni var ekki dansleikur að loknum hefðbundnum árs hátíðaratriðum en nemendur vissu til þess að opinn dansleikur yrði í Heiðagarði þá um nóttina. Dillidagar og árs hátíð fóru vel fram.

Aðrir fastir liðir í félagslífi nemenda voru kaffihúskvöldin Jón og Gunna.

Á vorönn bauðst nemendum að taka þátt í Tónkvíslinni á Laugum. Stjórn nemendafélags Framhaldsskólans á Laugum hélt kynningu og hengir voru upp þátttökulistar. Til boða var að skrá sig í smíðahóp, handritshóp, hár og fördun og tæknihóp svo eitthvað sé nefnt. Nokkrir nemendur skráðu sig til leiks en þegar til átti að taka tók enginn nemandi úr FSH þátt í uppsetningu Tónkvíslar en einn nemandi skrá sig í söngkeppnina sjálfa og stóð sig frábærlega. Kennarar og starfsmenn FSH höfðu fyrir um veturinn komið á kynningu í Laugaskóla þar sem rætt var um samstarf skólanna. Mikil áhersla var þar einnig lögð á samstarf skólanna í félagslífi og var þessi litla þátttaka nemenda FSH í Tónkvíslinni því ákveðin vonbrigði.

Til athugunar fyrir næsta vetur er að tryggja strax í upphafi haustannar samskipti stjórna nemendafélaganna á Húsavík og Laugum, ákveða daga þar sem nemendur skólanna heimsæki hvorn annan og stuðla að þátttöku nemenda frá báðum skólum í Tónkvísl og starfi leikfélagsins.

Sigurður Narfi Rúnarsson,
félags- og forvarnafulltrúi.

Skýrsla námsráðgjafa veturinn 2016-2017

Skýrsla námsráðgjafa fyrir haustönn 2016 og vorönn 2017

Námsráðgjafi var í 30% stöðugildi við skólann. Á haustönn var föst viðvera á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum en á vorönn var fasta viðveran á miðvikudögum og fimmtudögum. Fyrir utan þann tíma svaraði námsráðgjafi tölvupósti, Facebook-skilaboðum og hliðraði til fyrir nemendur (eða einstaklinga sem leituðu til hans utan úr bæ) ef þeim hentaði annar viðtalstími, enda oftast á staðnum og nemendum velkomið að koma í takti við þeirra stundatöflu.

Námsráðgjafi hóf skólaárið með því að kynna sér nýja nemendur og setja sig inn í störf námsráðgjafa. Hitti námsráðgjafa í Borgarhólsskóla og fékk góðar ábendingar.

Þegar kennsla hófst samkvæmt stundatöflu, hitti námsráðgjafi alla nýja nemendur í einstaklingsviðtali og hvatti þá til að nýta sér námsráðgjöfina á staðnum, ásamt því að kanna líðan, viðhorf og væntingar til skólans og námsins. Samtal milli námsráðgjafa og nýrra nemenda setur tóninn fyrir komandi samstarf og ýtir undir að nemendur við upphaf framhaldsskólagöngu nýti sér og viti af þjónustunni við skólann. Aðra viku í kennslu fór námsráðgjafi yfir námstækni með nýnemum í lífsleiknitíma. Rúmlega mánuði eftir að kennsla hófst var skimunarpróf vegna brotthvarfshættu lagt fyrir alla nemendur. Sú skimun nýttist vel fyrir námsráðgjafa til að finna þá nemendur sem helst eru í brotthvarfshættu og virtist líða illa af einhverjum ástæðum. Aðeins námsráðgjafi hafði/hefur aðgang að niðurstöðum hvers nemanda.

Við upphaf skólaársins leituðu ákveðnir nemendur ráða og aðstoðar hjá námsráðgjafa, sem og nokkrir foreldrar. Ýmist varðaði það námsskipulag, ákveðna áfanga og/eða námserfiðleika vegna komandi námsannar og/eða greiningar sem nýnemar við skólann höfðu. Hlutverk námsráðgjafa er að kalla eftir greiningum frá foreldrum ólöggráða nemenda og sinnti námsráðgjafi því (sem ekki var þegar komið áður en skólaönnin hófst). Greiningar skilðu sér almennt vel. Námsráðgjafi taldi mikilvægt að strax í upphafi væru greiningar komnar svo að þeir nemendur sem þyrftu úrræði á einhvern hátt fengju það. Má þar nefna aðstoð við nemendur sem þurfa á þjónustu Hljóðbókasafnsins að halda, þjálfa ákveðna nemendur í námstækni o.fl. Ekki síst er áhersluatriði að fá inn greiningar til að skrá nemendur í stuðningsáfanga á vegum námsráðgjafa (Námstækni og hvatning) og upplýsa kennara um stöðu mála og þeir þá verið í aukinni samvinnu við þá nemendur ef við á.

Stærsti hluti nemendaviðtala á önninni var vegna þess að nemendur höfðu samband með tölvupósti (og Facebook) eða voru kallaðir til viðtals vegna slakrar mætingar eða kennarar höfðu áhyggjur af ákveðnum nemendum. Annað skólaárið í röð varð veruleg aukning á milli ára að vissir nemendur komu reglulega í viðtal til að fá ráðgjöf, aðstoð og almennt pepp.

Námsráðgjafi sinnti einnig verkefnisstjórn yfir þróunarverkefninu „*Heilsumarkmiðin mín*“ sem hóf göngu sína fjórða skólaárið í röð. Í því verkefni fólst mikil heilsueflandi vinna með nýnemum skólans sem fléttaðist inn í skólastarf og unnið í samstarfi við íþróttakennara, félags – og forvarnarfulltúra, sálfræðikennara og

skólahjúkrunarfræðing. Verkefnið var sett á laggirnar ekki síst til að halda á lofti verkefninu Heilsueflandi Framhaldsskóli sem skólinn er hluti af og ýta undir vitund og jákvæðni nemenda við skólann gagnvart eigin heilsu. Aðilar í heilsuteyminu funduðu vikulega til að skerpa á og fara yfir stöðuna. Að sinna þessum hlutverkum jafnhliða reyndist gott fyrirkomulag, þar sem námsráðgjafi fékk tækifæri til að kynna nýjum nemendum enn frekar. Námsráðgjafi sá um einstaklingsviðtöl við hluta nýnemanna, sá um eftirfylgni og kom með innlegg í lífsleiknitíma og var þannig áfram sýnileg í öllu skólastarfinu.

Námsráðgjafi var með umsjón á félags- og hugvísindabraut og sinnti kenningu í sex áföngum við skólann. Þannig fékkst góð yfirsýn og tenging við daglegt líf nemenda, sem auðveldaði samskipti á milli ráðgjafans og nemandans.

Nýir foreldrar við skólann voru boðaðir 12. september á foreldrafund þar sem vel var mætt. Námsráðgjafi var með innlegg þar sem hann kynnti sig og sitt starf, sem og kynnti fleiri hlutverk námsráðgjafans það skólaárið.

Vegna breytinga á fyrirkomulagi í námi í flestum áföngum sá námsráðgjafi ekki ástæðu til að halda prófundirbúningsnámskeið rétt fyrir lok hvorrar annar. Símat er í flestum áföngum og því er álagstíminn mun dreifðari en áður var. Því var meiri áhersla lögð á að kenna nemendum að temja sér góð vinnubrögð alla önnina. Þó var námsráðgjafi sýnilegur á nemendagangi og hvatti nemendur til að fá aðstoð við skipulag og fá almennt pepp fyrir námsmatsdaga. Nemendur nýttu það vel og fengu ráðleggingar um skipulag. Einnig hafst nemendum kostur á að sækja prófkviðanámskeið. Enginn nemandi gaf sér tíma til að nýta sér námskeiðið – þó margir höfðu rætt vandann í viðtölum. Áhersla var því á einstaklingsviðtöl á skólatíma þar sem unnið var með prófkviðann.

Námsráðgjafi sat alla (umsjónar)kennara- og starfsmannafundi yfir skólaárið og á þeim fundum gátu kennarar og námsráðgjafi borið saman bækur og tekið í sameiningu á málum sem upp komu. Mikilvægt er að námsráðgjafi sé á sem flestum slíkum fundum, til að vera vel inn í kennslumálum, málum nemenda og til að allir er koma að velferð nemenda tali sama tungumálið. Fyrir utan að þetta skólaárið sinnti námsráðgjafi einnig kenningu.

Námsráðgjafi var hluti af heilsuráði skólans og áfallaráði við skólann og fundaði fyrirnefnt ráð reglulega yfir veturinn. Heilsuráð skólans var virkilega virkt þetta skólaárið og sá um ýmsa heilsutengda viðburði.

Á haustönn kom Sigga Dögg kynfræðingur og hélt heilsutengt erindi, á skólatíma fyrir nemendur og að kvöldlagi fyrir starfsfólk og forráðamenn. Samstarf var haft við Borgarhólsskóla og Norðurþing í heild. Haustlitaferð var farin innan bæjarmarka, þar sem nemendur og starfsfólk fóru í skógarferð og nutu samveru ásamt nesti.

Annað árið í röð var haldið Matar“workshop“ á haustönn undir yfirskriftinni *Gleðidagur í FSH* – þar sem uppkoman var haldin á Alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum 10. október. Síðasta kennslustund fyrir hádegisverð var felld niður og nemendur hlýddu á sveitastjóra Norðurþings ræða um mikilvægi heilsusamlegrar fæðu yfir skóladaginn og í framhaldinu tóku allir nemendur þátt í að smyrja lokur, útbúa hristinga á göngum skólans og skólahjúkrunarfræðingur bauð upp á blóðþrýstings- og blóðsykursmælingu. Þennan sama dag var öllum nemendum í 10. bekk í Þingeyjarsýslum boðið í heimsókn þar sem „verðandi nemendur“ byrjuðu á því að taka

Þátt í daglegu skólstarfi, fá kynningu á vegum nemendaráðs FSH (NEF) og tóku svo þátt í Gleðideginum. Vorönn var startað með þrettándahoppi á síðasta degi jóla, þar sem starfsfólk og nemendur öttu kappi í íþróttahöllinni í boði Heilsuráðs, ásamt því að njóta ávaxtastundar saman á eftir. Á vorönn fengu nemendur og starfsfólk heimsókn frá Embætti Landlæknis Héðinn Björnsson sem haldið hefur utanum verkefnið Heilsueflandi Framhaldsskóli. Farið var yfir hvað gengur vel og hver næstu skref eru – Heilsueflandi Samfélag.

Námsráðgjafi hafði ásamt forvarnarfulltrúa skólans umsjón með háskólaheimsókn útskriftar- og þriðja árs nema í Háskólann á Akureyri á haustönn þar sem boðið var upp á kynningu á skólanum. Farið var með rútu að morgni á föstudegi og komið rétt eftir hádegi aftur sama dag. Vel var mætt og tókst ferðin með ágætum að mati nemenda. Námsráðgjafi undirbjó og fór einnig með nemendum til að kynna öllu háskólanámi á Íslandi, á stóra háskóladeginum sem haldinn var á Akureyri 16. mar. Einnig hafði námsráðgjafi umsjón með og auglýsti ýmiskonar kynningar á því sem nemendum stendur til boða, m.a. Háskólanemi í einn dag (HA), inntökupróf í háskóla, Nordjobb, Fullbrightstyrkir, AFS o.fl.

Foreldrar barna í 10. bekk Borgarhólsskóla voru boðin snemma á vorönn á foreldrafund þar sem ágætlega var mætt. Námsráðgjafi var með innlegg þar sem hann kynnti sig og sitt starf, sem og kynnti fleiri hlutverk námsráðgjafans innan veggja skólans.

Þetta skólaárið var aukið í samstarfið sem verið hefur á milli FSH og Heilsugæslunnar á svæðinu. Aukin samvinna var höfð á milli námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðings innan veggja skólans með tilkomu heilsuverkefnisins „Heilsuvernd í FSH“. Ákveðið var að nemendur sem glíma við veikindi af einhverju tagi og hafa vottorð fyrir að mega sinna sinni skólavinnu utan skilgreinds tíma í stundatöflu sækja viðtöl til skólahjúkrunarfræðings a.m.k. einu sinni á önn. Ákveðið var að aðstoðarskólameistari sem sér um fjarvistatalningu tæki sérstaklega saman nemendur með vottorð og sendi á námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðing. Þannig var skilvirkni í aðstoð við nemendur meiri. Aðalhlutinn af verkefninu gengur út á að auka þjónustu við nemendur og færa þeim heilsugæsluna í þeirra nærumhverfi. Reynslan hefur sýnt að gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu í skólanum getur skipt sköpum varðandi námsframvindu og líðan margra nemenda. Enda er talið að stuðningur við nemendur innan veggja skóla skipti miklu um hvort ungmenni nái að ljúka framhaldsskóla.

Námsráðgjafi hélt utanum sérúrræði í prófum, s.s. lengri próftíma, lituð blöð, fámennari stofur o.fl. Sett var upp auglýsing þar sem minnt var á sérúrræði í boði og nemendur hvattir til að óska tímanlega eftir þeim ef á þyrftu að halda. Minnt var á að nemendur þurfa að endurnýja sín úrræði á hverri önn. Almennu hefur verið miðað við að nemendur hafi greiningu eða hafi verið í reglulegum viðtölum hjá námsráðgjafa til að eiga rétt á sérúrræði. Þriðja skólaárið í röð var ákveðið að ef nemendur óskuðu eftir úrræði og hefðu fyrir því góð rök og þáðu ráðgjöf hjá námsráðgjafa, var þeim gefinn kostur að nýta sér sérúrræði. Þetta var gert t.d. til að koma til móts við nemendur sem eiga erfitt með að einbeita sér við streituvaldandi aðstæður óháð greiningu. Skólinn leggur áherslu á skapa aðstæður þar sem nemendur hafa tækifæri til að ná sínu besta fram og er tilbúinn til að aðstoða eins og kostur er. Hins vegar þarf hugsanlega að endurskoða þjónustuna varðandi sérstofur. Nemendafjöldi er lítill og vorprófum á námsmatsdögum hefur fækkað með tilheyrandi fækkun nemenda í almennri prófastofu og því er næði og minni streituvaldur í þeim stofum en áður var.

Til umhugsunar fyrir næsta skólaár:

- Í nýrri stundatöflu: Gera ráð fyrir örnámskeiðum yfir önnina, t.d. varðandi sjálfstyrkingu, streitu/kvíða, háskólaframboð.
- Heilsuráð: Skrásetja heilsutengda viðburði strax í upphafi haustannar.
- Bæta í námstækniþjálfun í lífsleiknitímum

Tölfræðilega samantekt má sjá á næstu síðu. Þess ber að geta að stutt samtöl og samskipti á milli námsráðgjafa og nemenda/kennara (sem þó falla undir starf námsráðgjafa) eru ekki skráð í þessa samantekt. Að auki ber að nefna, að ástæður viðtals geta verið fleiri en ein.

Rakel Dögg Hafliðadóttir, Námsráðgjafi

Tölfræðileg samantekt yfir viðtöl námsráðgjafa skólaárið 2016-2017

Haust 2016

Ástæða	Viðtal við foreldri	Viðtal við nemanda	Viðtal við kennara	Annan sérfræðing
Ráðgj. v/ nám, námstækni	4	20	9	
Námsástundun		11	10	
Líðan	2	22		6
Námserfiðleikar	6	31	10	
Umsjónarnemendur		24		
Val á áföngum		14		
Hætt í námi				
Hugsanleg skólaskipti	1	2		
Val á framhaldsnámi		3		
Nýnemaviðtöl-spjall		24		
Annað		18		
	13	169	29	6

Vor 2017

Ástæða	Viðtal við foreldri	Viðtal við nemanda	Viðtal við kennara	Annan sérfræðing
Ráðgj. v/ nám, námstækni		25		
Námsástundun		11	11	
Líðan	5	30	7	
Námserfiðleikar		4		
Umsjónarnemendur	4	24		
Val á áföngum		9		
Hætt í námi				
Hugsanleg skólaskipti		2		
Val á framhaldsnámi		8		
Nýnemaviðtöl-spjall		2		
Annað		15		
	9	130	18	0